

Vernd

VERNDARBLAÐIÐ 2010

40. ÁRG. – AFMÆLISBLAÐ

Útgefandi: FÉLAGASAMTÖKIN VERND

1960 - 2010

50

VERND

Hreinn S. Hákonarson, formaður Verndar:

KONUR STOFNUÐU VERND

SAGA VERNDAR



Verndarblaðið 2010

40. árg. – Afmælisblað:
Vernd 50 ára

Útgefandi:

Félagasamtökin Vernd
Borgartún 6, 105 Reykjavík.
Sími: 562-3003; fax 5623004
Netfang: vernd@vernd.is
Heimasíða Verndar: <http://www.vernd.is>Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hreinn S. Hákonarson

Stjórn Verndar:

Hreinn S. Hákonarson,
fangaprestur þjóðkirkjunnar, formaður
Sigríður Heiðberg, forstöðumaður,
varaformaður
Elsa Dóra Grétarsdóttir, deildarstjóri, ritari
Jón Páll Hallgrímsson, ráðgjafi
Ásgeir Guðmundsson, löndunarstjóri
Danfríður K. Skarphéðinsdóttir, deildarstjóri
Ólafur Þróstur Sveinbjörnsson,
kerfisfræðingur

Varastjórn:

Áshildur Emilsdóttir, félagsráðgjafi,
Erlingur B. Kjartansson, kerfisstjóri
Halla B. Marteinsdóttir, félagsráðgjafi
Axel Kvaran, fyrr. lögreglumáður
Helgi Mícael Magnússon, ráðgjafi
Ásdís Magnúsdóttir, listdansari
Einar Jónsson, verk taki

Húsnefnd áfangaheimilis Verndar:

Þráinn Bj. Farestveit, framkvæmdastjóri
Erlendur S. Baldursson, deildarstjóri,
Sigríður Heiðberg, varaformaður Verndar
Guðjón Sveinsson, forstöðumaður
Ragnheiður Elfa Arnardóttir, félagsráðgjafi
María Steinþórsdóttir, matráðskona,
Hreinn S. Hákonarson, formaður Verndar

Framkvæmdastjóri:

Þráinn Bj. Farestveit, afbrotfræðingur

Endurskoðendur:

Hannes Þ. Sigurðsson, endurskoðandi
Dr. Jón Ma. Ásgeirsson, prófessor

Umbrot, prentun og bókband:

Prentmet

Auglýsingar:

Markaðsmenn

Forsíðumynd: Fyrsta merki Verndar, teiknað
af Örlygi Sigurðssyni, listmálara

Hreinn S. Hákonarson, formaður Verndar

KONUR STOFNUÐU VERND

Æskudraumurinn var að verða öðrum að liði¹

Þóra Einarsdóttir var stödd í Danmörku árið 1956 til að leita sér lækninga. Það ár varð tímamótaár hjá henni. Hún náði smám saman bata og dvaldi þar um nokkurn tíma og hóf starfsnám í Kofoed-skólanum. Þessi skóli var ekki aðeins skóli heldur og líknarstofnun sem sinnti bágstöddu fólki og þeim sem glímdu við ýmis félagsleg vandamál.²

Kofoed-skólinn hafði verið stofnaður 1928 af Hans Christian Kofoed.³ Kjörórð skólans var: „Hjálp til sjálfshjálpar.“ Í hjálpinni átti að felast hvatning til þess er hana þáði að leggja eitthvað af mörkum. Litið var á þá sem leituðu eftir aðstoð í Kofoed-skólanum sem nemendur og þeir komu beint af

götunni. Þeir voru til dæmis spurðir: „Hvað viltu á þig leggja til að hafa húsaskjól í nótt, eða til að fá góða máltíð?“⁴ Markmiðið var að koma fólki aftur inn í samfélagið og hjálpa því til að finna lífshamingjuna og tilgang í lífi sínu. Upphaflega hóf Kofoed starfsemi sína í þeim tilgangi að rétta ungu og atvinnulausu fólki hjálparhönd. Hugsunin var sú að hjálpin stæði stutt yfir því sá sem hennar þarfaðist átti sem fyrst að geta staðið á eigin fótum. Atvinna og menntun skiptu sköpum þegar styðja þurfti fólki sem komið var í félagslegt öngstræti og átti sér ekkert markmið í lífinu. Um tíma leituðu starfsmenn Kofoed-skólans uppi ungt atvinnulaust og heimilislaust fólk til þess að draga úr líkum á því að það héldi út á glæpabraut. Kofoed-skólinn beindi sjónum sínum í fleiri ráttir. Menntun var af ýmsum ástæðum á skjön við hversdagslegt líf venjulegs fólks fengu aðfregi



Kofoeds Skole


Þóra Einarsdóttir var í hálfri ári við starfsnám í Kofoed-skólanum í Kaupmannahöfn. Kjörórð skólans var: „Hjálp til sjálfshjálpar,“ og Vernd hefur leitast við að starfa í anda þess.

húsum hans. Þetta voru utangarðsmenn sem glímdu við margvísleg andleg og félagsleg mein. Þeir fengu húsaskjól, mat og persónulega aðstoð. Þá var þeim veitt aðstoð við að leita sér að vinnu, framtíðarhúsnæði, og annað ef með þurfti eins og réttaraðstoð. Allir gátu leitað eftir þjónustu Kofoed-skólans og var litið á skólann sem félagslega bráðþjónustu. Áfengis- og vímuefnavandamál fylgdu gjarnan skjólstaðingum Kofoed-skólans og við því var brugðist á áttunda áratug síðustu aldar með því að opna meðferðarstöð.⁵

Þóra var í Kofoed-skólanum í hálfri ári og innritaðist síðan í Félagsmálaskóla dönsku kirkjunnar. Hún starfaði með dönsku fangahjálpinni og kynnti sér meðal annars aðbúnað í fangelsum. Hjá fangahjálpinni kynntist hún talsmannshlutverki hjálparinnar en starfsmenn hennar voru viðstaddir réttarhöld og voru spurðir álits af dómara um málin. Einnig kenndi hún í hálfan mánuð í unglingsfangelsi og kynnti sér eftirlit með útigangsfólki um nætur. Þá starfaði hún á göngudeild áfengissjúklinga við sjúkrahús í Kaupmannahöfn.⁶

Kona full af eldmóði á Íslandi og Indlandi

Þóra Einarsdóttir tók strax eftir heimkomuna frá Danmörku að hreyfa við málefnum fanga hér á landi. Hún sagði frá fangahjálpi í Danmörku á fundi kvenfélags Alþýðuflokksins 11. mars 1957.⁷ Hún var 44 ára gömul, fædd árið 1913, og full af eldmóði enda þótt hún hefði gengið í gegnum erfið veikindi. Félagsmálaáhygi hennar hafði alla tíð verið mikill. Þóra hafði lokið prófi frá Samvinnuskólanum árið 1931. Hún hafði starfað í Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur og Kvenfélagi Alþýðuflokksins.⁸ Einnig átti hún sæti í stjórn Kvenréttindafélags Íslands í fimm ár á sjöunda áratug síðustu aldar.⁹ Þegar Þóra lét af formennsku í Vernd árið 1980 sneri hún sér að öðrum velferðarmálum. En hún var líka námfús sem fyrr og sótti Alþjóðaskóla Guðspekifélagsins í Adyar í Madras á Indlandi.¹⁰ Hún starfaði síðar á vegum þessa skóla meðal munaðarlausra og holdsveikra barna á Indlandi. Starfaði hún meðal annars með Móður Teresu og síðar í samvinnu við munkareglu St. Benediktusarbræðra. Hún stofnaði síðar Indversku barnahjálpinna og var formaður hennar en barnahjálpin rak skóla fyrir börn í Madras. Eiginmaður Þóru var séra Jón Pétursson, prófastur, (1896–1973). Þau áttu þrjú börn. Þóra lést 14. apríl árið 2000.¹¹



Merki Kvenréttindafélags Íslands en það félag hafði forgöngu um stofnun Verndar. Á fundi í Kvenréttindafélaginu 28. maí 1958 var samþykkt að hefja undirbúning „að samtökum er vinna að umsjá og eftirliti með afbrotafólki. Samtökin vinna að því m.a. að komið verði upp dvalar- og vinnuheimilum og stuðli á annan hátt að því að gera fólk, sem lent hefur á glapstígum að nýtum þjóðfélagsþegnum.“

Þóra taldi að sennilega hefði áhugi á að hjálpa öðrum með raunhæfum hætti vaknað hjá henni þegar hún heimsótti fjölskyldur í braggahverfum Reykjavíkur eftir síðari heimsstyrjöldina. Þessar heimsóknir komu til af setu hennar í Mæðrastyksnefnd fyrir hönd Alþýðuflokksins. Heimsóknirnar voru farnar í því skyni að rétta fólki hjálparhönd sem bjó við illan aðbúnað og margvísleg vandamál í þröngu sambyli.¹²

Þóra leiddi hugann að því að stofna skóla hér á landi sem starfaði í anda Kofoed-skólans en úr því varð ekki. Hún taldi hins vegar að gera þyrfti róttækar breytingar í málefnum fanga.¹³

Þáttur Kvenréttindafélags Íslands

Fundur var haldinn í stjórn Kvenréttindafélags Íslands 28. maí 1958. Á þessum fundi flutti Þóra Einarsdóttir erindi um aðstoð við afbrotafólk. Ræddi hún einkum um rekstur á heimilum fyrir vandræðaunglinga í Danmörku og hvernig danska réttarkerfið tæki á málum þeirra. Þá ræddi hún fangahjálpi á Íslandi en henni sinnti aðeins einn maður og taldi hún að úr því þyrfti að bæta.

Þær Þóra Einarsdóttir og Rannveig Þorsteinsdóttir, hæstaréttarlögmaður, lögðu fram eftirfarandi tillögu sem samþykkt var eftir nokkra umræðu: „Fundurinn ályktar, að tímabært sé, að hefja undirbúning að samtökum er vinna að umsjá og eftirliti með afbrotafólki. Samtökin vinna að því m.a. að komið verði upp dvalar- og vinnuheimilum og stuðli á annan hátt að því að gera fólk, sem lent hefur á glapstígum að nýtum þjóðfélagsþegnum.“

Fundurinn kaus nefnd til að athuga þessi mál og ræða við þá sem að þeim kæmu. Í nefndina voru kosnar þær: Þóra Einarsdóttir, og var hún formaður, Lára Sigurbjörnsdóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir og Þórunn Magnúsdóttir.¹⁴

Fangahjálpi Íslands – Oscar Clausen

Þessi eini maður sem starfaði að fangahjálpi á Íslandi og Þóra nefndi á fundi Kvenréttindafélagsins var Oscar Clausen. Hann hafði starfað að fangahjálpi frá árinu 1949 og hafði forystu um stofnun Fangahjálpar Íslands og hafði hann engar erlendar fyrirmyndir í huga enda voru þær honum ekki þá kunnar.¹⁵ Fangahjálpi Íslands var stofnuð þann 4. janúar 1949 af góðtemplarastúkunninni Andvara í Reykjavík. Morgunblaðið greindi frá stofnuninni og í frétt blaðsins kom fram að fyrirhugað væri að sérstakur maður frá fangahjálpinni myndi ræða við fanga sem væru að losna úr fangelsi og kynna sér hagi þeirra. Föngum yrðu útveguð föt, húsnæði og atvinna. Eins mætti huga að því að koma fanga í iðnnám og „ef hann óttaðist sollinn í höfuðborginni, að fá honum vist á góðu sveitaheimili.“¹⁶

Óskar kynnti fangahjálpinna í útvarps-erindi sem hann flutti í febrúar 1949.¹⁷ Sennilega er það fyrsta erindi um fangelsi og fangahjálpi sem flutt hefur verið í útvarpi hér á landi. Fimm árum seinna flutti hann aftur erindi í útvarpið um fangahjálpi á Íslandi.¹⁸

Félagasamtökin Vernd stofnuð

Samtökin voru stofnuð þann 6. apríl 1959.¹⁹ Þar var kjörin bráðabirgðastjórn: Séra Bragi Friðriksson, formaður, Þóra Einarsdóttir, Lára Sigurbjörnsdóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir og Benedikt S. Bjarklind.²⁰ Síðan var haldinn framhaldsstofnundur um haustið, 19. október. Þar var kjörin ný stjórn og lög samtakanna samþykkt.²¹ Fundinn sóttu nálega eitt hundrað manns.²² Oscar Clausen flutti erindi um fangahjálpi og sýnd var kvikmynd um Kofoed skólann.²³ Almennangi var boðið að sjá þessa kvikmynd endurgjaldslausi í Tjarnarbíói.²⁴



Þóra Einarsdóttir, eða Þóra í Vernd, eins og hún var oft kölluð, var formaður Verndar frá 1959-1980. Myndin er tekin á skrifstofu Verndar í Grjótagötu 14b, 1968. Ljósms. Rvíkur.

Dómsmálaráðuneytið viðurkenndi lög samtakanna 17. nóvember sama ár og skipaði fulltrúa sína í stjórn Verndar.²⁵ Lög samtakanna drógu dóm af lögum svipaðra samtaka á Norðurlöndunum.²⁶

Nýja stjórn Verndar skipuðu: Þóra Einarsdóttir, formaður, sr. Bragi Friðriksson, varaformaður, Lára Sigurbjörnsdóttir, ritari og Benedik S. Bjarklind, gjaldkeri. Í varastjórn: Sigríður J. Magnússon, dr. Matthías Jónsson og Oscar Clausen, rithöfundur.²⁷

Vernd og Kvenréttindafélag Íslands

Enda þótt Kvenréttindafélag Íslands hafi haft forgöngu um stofnun Verndar verður ekki sagt að um bein tengsl hafi verið að

ræða á milli þessara félaga.²⁸ Sambandið fólst fremur í óbeinum tengslum því að konur úr Kvenréttindafélaginu voru sumar svo áratugum skipti í stjórn Verndar eins og Lára Sigurbjörnsdóttir. Hún sat í stjórn Verndar frá stofnun og til ársins 1980 og var formaður Kvenréttindafélagsins 1964-1969.²⁹ Sigríður J. Magnússon, sem var formaður Kvenréttindafélagsins 1946-1964,³⁰ sat lengi í varastjórn Verndar.³¹ Sjálf var Þóra Einarsdóttir í stjórn Kvenréttindafélagsins frá 1963-1968.³²

Stjórnarfundur var haldinn hjá Kvenréttindafélagi Íslands 20. október 1959. Á þeim fundi sagði nýkjörinn formaður Verndar, Þóra Einarsdóttir, frá hinum nýju félagasamtökum, tildrögum að stofnun þeirra og sagði einnig frá stofnfundinum „sem haldinn var í gærkvöldi.“ Hún las úr lögum Verndar þar sem greinir frá tilgangi

með samtökunum. Síðan drukku konurnar kaffi og horfðu á kvikmyndina um Kofoed-skólann í Kaupmannahöfn.³³

Vernd átti bakhjarl þar sem kvenfélög landsins voru. Leitað var til þeirra við stofnun félagasamtakanna. Fjölmörg þeirra létu skrá sig sem styrktarfélög og tóku þau ákvörðun um það án nokkurs atbeina Kvenfélagasambands Íslands. Margar kvenfélagskonur litu við á heimilinu sem Vernd hóf síðar að reka að Stýrimannastíg 9 til að kynna sér starfsemina.³⁴

Í lok greinar í blaði Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní, ritaði Þóra Einarsdóttir svo árið 1960: „Íslenskar konur, tókum höndum saman og leggjumst á eitt til að efla starfsemi „Verndar,“ sem stofnuð var að tilhlutan Kvenréttindafélags Íslands.“³⁵

Markmið Verndar

Tilgangur og markmið Verndar kemur skýrt fram í 2. gr.: „Samtökin munu leitast við, í samráði við opinber stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga, að hjálpa fólki, sem gerzt hefur brotlegt við refsilöggjöf landsins. Tilgangur samtakanna er samkv. heimild í 56. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. l. nr. 22/1955, að taka að sér eftirlit með fólki sem hlotið hefur dóm, skilorðsbundinn dóm og með þeim, sem frestað hefur verið ákæru á.“³⁶

Í lögnum kemur fram hvernig samtökin hyggjast ná markmiði sínu. Fylgjast skyldi með rannsóknum í málum manna sem sættu ákæru og líklegt var að yrðu skjólstæðingar samtakanna. Þá skyldi fylgjast með afbrotafólki meðan það tæki út refsinguna og veita því aðstoð í vandamálum sem það tækist á við meðan frelsisviptingin stæði yfir. Einnig skyldi aðstoða þá sem tekið höfðu út refsingu eftir dómi. Hjálpa skyldi þeim yfir byrjunarörðugleikana út í samfélag frjálsra manna til að vinna traust þess aftur. Samtökin skyldu veita fjárhagsaðstoð eftir því sem þau gætu. Þau ætluðu að beita sér fyrir því að ráðinn yrði sérmenntaður maður til að veita sálfræðilega þjónustu. Setja skyldi á stofn heimili til að þjóna markmiði samtakanna. Loks skyldi hafa áhrif á almenningsálitnið til að efla skilning og samúð með þeim sem hefðu komist á skjön við samfélagið og hjálpa þeim til að verða nýtir þegnar.³⁷

Verkefnið ótæmandi

Við stofnun Verndar var litnið til fyrirmynda svipaðra félaga á Norðurlöndunum og taldi Þóra að nýta mætti reynslu þeirra en: „Af skiljanlegum ástæðum mæta fleiri erfiðleikar slíku félagi meðal fámennrar þjóðar, þar sem segja má að hver þekki annan.“ Hún taldi að verkefnið væru ótæmandi og benti á að mikill hluti afbrotanna sem framin væru ættu rót sína í áfengisneyslu.³⁸

Langflest kvenfélaga landsins styrktu Vernd frá upphafi og fjölgaði þeim nokkuð eftir því sem leið á sjöunda áratuginn. Þá var fjöldi kvenna sem styrkti samtökin og sömuleiðis ýmis fyrirtæki.³⁹ Í júlímánuði 1960 kemur fram í bréfi frá Vernd til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að samtökin njóti þá stuðnings 116 einstaklinga, 14 félaga og 33 fyrirtækja.⁴⁰ Fimm árum síðar voru 85 kvenfélög vítt og breitt um landið skráð sem styrktarfélög Verndar auk annarra félaga.⁴¹ Þess vegna var talað um *félagasamtökin* Vernd.⁴²

„Þannig urðu til landssamtök,“ skrifaði Þóra síðar í minningum sínum.⁴³

Erlendar fyrirmyndir

Í erindi sínu á stofnfundi Verndar sagði Þóra að á síðustu áratugum hefðu verið stofnuð í flestum menningarlöndum félög eða félagasamtök sem hefðu haft það á stefnuskrá sinni að hjálpa dæmdu fólki á ýmsan hátt. Nefndi hún til dæmis *Fangehjælpen* og samtökin *Tilbage til samfundet* en þessi félög voru svo sameinuð árið 1951 í *Det danske forsorgsselskab*. Það væri viðurkennt af ríkisvaldinu og starfaði í samvinnu við lögregluna. Félagið hafði eftirlit með þeim sem hlotið höfðu skilorðsbundinn dóm, væru á reynslulausn eða hefðu fengið ákærufrestun. Fjöldi ungra afbrotamanna væri sett það skilyrði að lúta umsjón þessa félags. Sömuleiðis hafði félag þetta fulltrúa sinn við réttarhöld.⁴⁴

Viðhorf til refsinga

Það kom skýrt fram hjá Þóru að samtökin væru ekki stofnuð til þess að brotamenn kæmust undan refsingu. Leit Þóra svo á að markmið refsinga væri að girða fyrir afbrot, eða m.ö.o. að fæla menn frá afbrotum,

og að hafa bætandi áhrif á brotamenn.⁴⁵ Síðar kom það viðhorf fram hjá henni að nær væri að brotamaður bætti fyrir brot sitt með öðrum hætti en „að loka hann iðjulausan inni í steinklefa.“ Taldi hún að hluti launa fanga ætti að fara til að bæta þann skaða eða tjón sem hann hefði valdið.⁴⁶

Starfsemi Verndar hefst

Formlega hófu samtökin starf 1. febrúar 1960. Skrifstofa samtakanna var í Aðalstræti 18 í Reykjavík.⁴⁷ Framkvæmdastjóri var ráðinn, Axel Kvaran. Átti hann að skipuleggja starfið, afla félaga, kynna starfsemina og setja á stofn bæktistöð fyrir samtökin.⁴⁸ Einnig átti hann að heimsækja fangelsin en hann var lögreglumáður og í hálfu starfi hjá Vernd. Þóra vann á skrifstofunni frá byrjun.⁴⁹ Oscar Clausen hafði gefið það heit að vera framkvæmdastjóra til aðstoðar í byrjun og vinna með honum.⁵⁰

Í bréfi til dómsmálaráðherra 12. júlí 1960 kemur fram að Vernd hefur rætt við bæjaryfirvöld um að koma upp gistiheimili og mötuneyti í Reykjavík þar sem skjólstæðingum félagsins verði veitt aðhlyning um tíma að lokinni fangelsisvist, meðan þeir eru að leita sér að atvinnu og koma fótum undir sig.⁵¹ Í huga formannsins var það eitt brýnasta verkefnið að koma upp heimili fyrir þá sem hvergi áttu samastað. Stefnt var að því að skjólstæðingar Verndar gistu á heimilinu um skemmri tíma og þeim síðan útvegað varanlegt húsnæði og atvinnu. Formaður og ritari sögðu svo í bréfi til dómsmálaráðherra í nóvember: „Við höfum rekið okkur á, að ósjaldan hafa menn, er koma af Litla- Hrauni, hvergi hútaskjól. Aðstandendur vilja ekki fá þá eða þessir fyrrverandi fangar hafa eigi geð í sér til að hverfa aftur á vit aðstandenda ...“ Af þessum ástæðum töldu þær þörf á gistirými fyrir mennina sem væru í „millibilsástandi frá því að þeir koma úr fangelsi og þar til okkur hefir tekist að útvega þeim fastan samastað, hvort sem það er í þéttbýli eða strjálbýli.“⁵²

Í nóvember 1960 ritar Þóra ásamt öðrum bréf til dómsmálaráðherra. Þar kemur fram að Vernd hefur fengið hús til umráða að Stýrimannastíg 9 og með því sé hægt að efna eitt af markmiðum laga samtakanna sem var „að styðja að þeim meðbræðrum okkar, sem gerzt hafa

brotlegir við landslög þannig, að menn þessir megi vinnast þjóðfélaginu sem nýtir, löghlýðnir og fullvinnandi menn, ef nokkur kostur er. Viljum við freista þess að hafa slík áhrif á þá, að þeir hrasi ekki aftur.“⁵³ Stýrimannastígur hafði verið tekinn á leigu 1. nóvember þetta ár og hálfum mánuði síðar var fyrsti maðurinn fluttur inn í húsið.⁵⁴ Leiguskilmálar voru hagstæðir en húsið var í eigu nokkurra einstaklinga í Hvítasunnusöfnuðinum⁵⁵ og var heimilið síðar rekið á svipuðum grunni og önnur slík á Norðurlöndum.⁵⁶ Í bréfi formanns og ritara Verndar til bæjarstjórnar er hlutverk heimilisins skilgreint: Í fyrsta lagi átti það að vera dvalarheimili þeirra manna, sem biðu dóms eða hefðu þýlokið refsivist en áttu ekki athvarf annars staðar. Í öðru lagi áttu að fara fram fundir á heimilinu með þeim mönnum sem stæðu höllum fæti og styðja þá með viðræðum og vináttu. Í þriðja og síðasta lagi átti að koma upp aðstæðum til verklegar iðju þar sem heimilismenn og aðrir gætu varið tómstundum sínum á gagnlegan hátt.⁵⁷

Þá réðu samtökin sér lögfræðilegan ráðunaut og útveguðu lækni sem sinna skyldi skjólstæðingum Verndar sem höfðu glatað sjúkrasamlagsréttindum sínum og voru ekki með fastan heimilislækni.⁵⁸

Á fyrstu starfsmánuðum Verndar leitaði fjöldi manna til samtakanna. Þetta voru allslausir menn sem áttu ekkert nema fötin sem þeir stóðu í. Þeir voru atvinnulausir og áttu engan samastað, vantaði hútaskjól og fæði. Þeim voru útvegaðar helstu nauðsynjar og naut Vernd aðstoðar Hjálpræðishersins við það.⁵⁹

Starf Verndar fyrstu árin var þó ekki í anda laga samtakanna að mati formannsins, Þóru Einarsdóttur. Starfið átti að hjálpa skjólstæðingunum til sjálfshjálpar en ekki að veita ölmusu sem raunin varð.⁶⁰ Vistheimilið sem átti að vera stökkpallur út í lífið varð „allsherjarsamastaður“ fyrir heimilislaua drykkjumenn. Engu að síður taldi hún að samtökin hefðu ekki misst sjónar á því að efla sjálfsvirðingu mannsins í umkomuleysi hans. Fastur liður í því skyni var að skjólstæðingur Verndar legði sjálfur eitthvað af mörkum á heimilinu sem segði honum að hann væri verðugur þess að vera hjálpað.⁶¹ Í þessu má sjá skýr áhrif frá Kofoed-skólanum sem á var minnst hér að framan. Enn er það svo á heimili Verndar að vistmenn sjálfir sjá um flest öll heimilisstörf utan húss sem innan.



Vernd tók á leigu húsið að Stýrimannastíg 9 og þar var fyrsta vistheimili samtakanna rekið árin 1960-1964. Fataúthlutun Verndar var um tíma í kjallara hússins.

Fyrsta áfangaheimili Verndar

Þegar heimili Verndar að Stýrimannastíg 9 var komið til sögunnar var hægt að hýsa þar níu menn⁶² og fleiri ef mikið lá við.⁶³ Framkvæmdastjórinn leitaðist við að útvega mönnum vinnu og aðstoðaði þá á ýmsan hátt. Húsreglur voru rúmar á heimili Verndar. Heimilismenn áttu að vera komnir inn fyrir miðnætti og neysla áfengis var með öllu óheimil. Framkvæmdastjórinn stefndi að því að opna verkstæði í kjallara hússins því iðjuleysið væri „versti óvinur“ skjólstaðinga Verndar.⁶⁴ Þóra segir í ævminningum sínum að á Stýrimannastíg 9 hafi verið rúm fyrir 15-20 manns og þar hafi oft verið fleiri. Húsvörður var á heimilinu⁶⁵ og símavakt allan sólarhringinn ef einhver kynni að hringja og óska aðstoðar.⁶⁶ Þá starfaði ráðskona á heimilinu og þrír stúdentar við Háskólann önnuðust næturvörslu.⁶⁷ Ætlast var til að vistmenn greiddu fyrir dvöl sína á vistheimilinu.⁶⁸

Framkvæmdastjórinn taldi árangurinn af rekstri heimilisins á Stýrimannastíg hafa verið mjög góðan þegar húsið hafði verið opið í tíu mánuði. Það hefði verið vitað



Húsbúnaður í herbergjunum á Stýrimannastíg 9 var einfaldur og látlau.

væri að vista 16 menn í húsinu. Eftirspurn eftir herbergjum var meiri en hægt var að verða við. Þess vegna var gripið til þess ráðs að skipa þriggja manna húsnefnd til að velja úr hópi þeirra sem sóttu um herbergi. Var ákveðið að forgang skyldu þeir hafa sem kæmu frá Litla-Hrauni og Gunnarsholti og öðrum hælum, sem líklegir teldust til að geta farið eftir reglum hússins og settum skilyrðum.⁷³ Skilyrðin voru meðal annars að bragða ekki áfengi og að vera kominn í hús fyrir kl. 11.30. Þá var brýnt fyrir mönnum að hefja strax leit að vinnu.⁷⁴ Síðar fékk Vernd nokkur herbergi í Grjótagötu 14a fyrir skjólstaðinga Verndar sem voru viðbót við gistirýmið að Grjótagötu 14b. Vernd þurfti ekki að greiða fyrir húsnæðið að Grjótagötu 14a og 14b.⁷⁵ Þá skal nefnt að Vernd fékk einnig tvö herbergi í Grjótagötu 9 til úthlutunar á fatnaði.⁷⁶

Skilorðseftirlit ríkisins tók til starfa 1. desember 1974 og því var sett reglugerð. Í 9. gr. reglugerðarinnar var ákvæði til bráðabirgða. Þar kvað á um að þegar skilorðseftirlitið væri tekið til starfa skyldi eftirlit félagasamtakanna Verndar með mönnum sem hlotið höfðu skilorðsbundna náðun flytjast til eftirlitsins.⁷⁷ Þóra Einarsdóttir taldi að með stofnun Skilorðseftirlitsins hefði verið brotið blað í sögu fangahjálpar á Íslandi. Það væri hins vegar misskilningur að með tilkomu þess væri hlutverki Verndar lokið. Fjölmargir þeirra sem væru frelsisviptir tilheyrðu ekki þeim hópi sem skilorðseftirlitið ætti að hafa afskipti af.⁷⁸ Reykjavíkurborg virðist hafa litið svo á að með tilkomu Skilorðseftirlitsins væri hlutverki Verndar lokið⁷⁹ og sagði því upp leigusamningi sínum um Grjótagötu 14b við Vernd. Næstu tvö árin voru samtökin í húsnæðisvanda stödd.⁸⁰ Skjólstaðingum Verndar sem höfðu haft húsnæði í Grjótagötu var komið fyrir á Hjálpræðishernum eða í Hafnarbúðum og aðrir fóru á „götuna.“⁸¹

Það var þó sárabót að húsnæðið að Grjótagötu sem Vernd missti var fljótlega notað til að hýsa vegalausar konur og sá borgin um rekstur þess. Þessu framtaki fagnaði formaður Verndar.⁸² Vistmenn á heimilum Verndar voru karlar. Formaður Verndar gat um það í ávarpi sínu á aðalfundi 1967 að það hefði lengi verið óskadraumur Verndar að koma upp heimili fyrir konur og sagði hún að stjórnin hefði unnið að því máli. Þörfin væri fyrir hendi og taldi hún að þetta yrði næsta verkefni samtakanna.⁸³

Í marsmánuði árið 1975 ákvað Öryrkjabandalag Íslands að afhenda Vernd húsnæði að Ránargötu 10 til afnota og það endurgjaldslaust.⁸⁴ Húsnæðið var á jarðhæð þar sem voru fjögur herbergi og hæð þar sem húsvörður hafði aðstöðu.⁸⁵ Húsnæðið uppfyllti ekki kröfur sem gera þurfti til vistheimilis að mati formanns⁸⁶ en við það var látið sitja.

Brugðið var á nýmæli hjá Vernd á vistheimilinu að Ránargötu 10. Það fólst í því að fjórum sérvöldum fongum af Litla-Hrauni var boðið að búa á heimilinu og kostuðu þeir dvöl sína að mestu leyti sjálfir, útveguðu sér vinnu og skyldu hlíta húsreglum. Sálfræðingur valdi þessa menn úr hópi fanga. Einn fanganna þoldi illa vistina í fangelsinu og var talið að hann þyrfti „félagslega endurhæfingu áður en hann losnaði,“ annar var gamall síbrotamaður sem engrar skólagöngu hafði notið, hinir tveir voru venjulegir brotamenn nema hvað annar þeirra var lyfjafíkl. Þá tóku þeir þátt í endurhæfingardagskrá sem var undir stjórn sálfræðings. Tilraun þessi stóð yfir á þriðja mánuð. Þessir fjórir menn voru fangar að ljúka afplánun á svipaðan hátt og vistmenn geta nú á áfangaheimili Verndar að Laugateig 19. Lyfjafíkillinn réði ekki við þessa vist og var sendur aftur í fangelsi. Ekki segir um árangur þessarar tilraunar annað en að það hafi verið erfitt að meta hann en hins vegar hafi „greinilega komið í ljós einstaklingsbundinn árangur.“ Eftir þetta stóð húsnæðið að Ránargötu autt um hríð⁸⁷ en síðar hófst aftur vistun manna með venjubundnu sniði.

Árið 1978 ákvað Öryrkjabandalagið að selja húsnæðið að Ránargötu 10 og bauð Vernd það til kaups. Ljóst var að ekkert fé var í sjóðum Verndar til að kaupa húsnæði og var því leitað til opinberra aðila með aðstoð.⁸⁸ Dómsmálaráðuneytið var áfram um að rekstri heimilisins skyldi haldið áfram og taldi æskilegt að hann væri í höndum annarra en ríkisins.⁸⁹ Húsnæðið

að Ránargötu 10 var keypt með aðstoð Endurhæfingarráðs og með styrk frá Alþingi. Þóra Einarsdóttir ræddi kaupin í bréfi til stjórnar Verndar og sagði: „Þótt ýmislegt megi að húsi þessu finna er kaup á því fyrsta sporið í þá átt að gera samtökin óháð öðrum með húsnæði fyrir jafn veigamikla starfsemi, sem því miður hefur orðið sorglega útundan ekki sist vegna húsnæðisvandræða.“⁹⁰

Í ársbyrjun 1981 tók Vernd á leigu húsnæði að Skólavörðustíg 13a. Húsið var leigt til þriggja ára og var ekki í góðu ásigkomulagi þegar Vernd tók við því. Þegar var hafist handa um endurbætur og voru þær all kostnaðarsamar. Húsið gat hýst ellefu menn og var vistlegt. Skipuð var hússtjórn og húsreglur settar. Hilmar Helgason formaður Verndar komst svo að orði þegar hann sagði frá þessu nýja heimili á aðalfundi Verndar: „Heimili þessi hafa þegar sannað tilveru sinn. Þau eru risastórt skref í þá átt að fækka verulega fastagestum í fangelsum landsins.“⁹¹ Nú gat Vernd hýst sautján menn að Ránargötu 10 meðtalin.⁹²

Eigandi hússins að Skólavörðustíg 13a sagði Vernd upp leigunni frá 1. júní 1985.⁹³ Formaður Verndar, Jóna Gróa Sigurðardóttir, lýsti því yfir á aðalfundi að brýnasta verkefni samtakanna væri að eignast húsnæði sem hýst gæti alla heimilismenn Verndar.⁹⁴ Stjórn Verndar veitti svo á fundi sínum 5. júlí sama ár formanni og tveimur öðrum stjórnarmönnum, umboð til að ganga frá kaupum á Laugateig 19 og skyldi Ránargata 10 ganga upp í kaupin.⁹⁵

Viðbrögð við vistheimili Verndar á Laugateig

Eftir að Vernd var búin að kaupa Laugateig 19 kom upp kurr meðal íbúa Laugarneshverfis. Í yfirlýsingu frá íbúum hverfisins komu fram áhyggjur vegna „þessara manna hér við húsvegginn hjá okkur.“ Einnig kom fram að margir eldri borgarar í hverfinu væru slegnir ótta vegna þessara nýju nágranna. Þá vakti það mikla óánægju íbúanna og reiði að engar spurnir skyldu hafa borist út um þessi kaup og ekkert samband haft við þá.⁹⁶ Undirskriftum var safnað og í texta sem íbúar rituðu undir stóð meðal annars: „Haft hefur verið samband við lækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa. Það er samdóma álit þeirra að óráðlegt sé að reka heimili til endurhæfingar fyrir

fleiri en átta fyrrverandi fanga á sama stað. Við viljum því, undirritaðir íbúar Laugarneshverfis mótmæla fyrirhuguðum rekstri 23 manna heimilis á Laugateig 19 og lýsum ábyrgð á hendur stjórnar Verndar á þeim afleiðingum sem af því kunna að hljóta.“ Formaður Verndar, Jóna Gróa Sigurðardóttir, taldi að samtökin gætu ekki tekið þessi orð til sín. Hún benti á að 30-40 prósent skjólstaðinga Verndar ættu við áfengisvandamál að stríða en hefðu ekki setið í fangelsi. Fjöldi skjólstaðinga í húsnæði Verndar væri 14 og ekki stæði til að fjölga þeim.⁹⁷ Hún benti einnig á að svipuð heimili væru rekin á vegum tveggja líknarfélaga þar sem fjöldi vistmanna væri 23 á öðru þeirra og 25 á hinu – og væru heimilisreglur líkar og hjá Vernd. Þá stunduðu flestir heimilismanna hjá Vernd AA fundi og annað hugræktarstarf. Samstarf við íbúa í þeim hverfum sem vistheimili Verndar væru rekin hefði eftir því sem best væri vitað gengið vel.⁹⁸ Þá ræddi formaður Verndar við íbúa í nágrenni Laugateigs 19 og leitaðist við að gefa allar upplýsingar um starfsemina og reynsluna af henni.⁹⁹

Íbúafundur var haldinn um málið 26. ágúst og mættu á hann á fjórða hundrad manns.¹⁰⁰ Þar lögðu þeir fram skrifleg mótmæli með 250 undirskriftum. Formaður Verndar var frummælandi á fundinum og útskýrði málstað Verndar.¹⁰¹

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 27. ágúst tillögu borgarstjóra um að taka upp viðræður við Vernd með það í huga að borgin leysti til sín húsið að Laugateig 19 og Vernd yrði um leið „sköpuð skilyrði til þess að sinna þeim verkefnum, sem þar var að stefnt í minni einingum.“¹⁰² Á fundi í borgarráði 3. september 1985 var lagður fram undirskriftalisti íbúanna ásamt bréfi frá tveimur þeirra.¹⁰³

Húsráðsmaður samtakanna lagði fram af þessu tilefni skriflega yfirlýsingu á stjórnarfundum Verndar frá heimilismönnum samtakanna þar sem kom fram að ekki ætti að kvika frá kaupunum á Laugateig 19 og „það mundi hvarfla að okkur að við værum 3. flokks þjóðfélagsþegnir ef við yrðum að flytja í eitthvert verksmiðuhverfi eða í útjaðar Reykjavíkurborgar.“¹⁰⁴

Ekki virtust allir íbúar Laugarneshverfis vera á einu máli í andstöðu sinni gegn fyrirhuguðu heimili Verndar því að sumir þeirra höfðu samband við skrifstofu samtakanna og vildu bjóða þau velkomin í hverfið.¹⁰⁵



Áfangahemili Verndar að Laugateig var formlega vígt 4. maí 1988. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, síðar varaformaður Verndar, blessaði heimilið. Með honum lengst til hægri á myndinni er Jóna Gróa Sigurðardóttir, formaður Verndar 1982-1989.

Eftir viðræður við fulltrúa borgarinnar samþykkti aðalstjórn Verndar að hafna tilboði borgarráðs.¹⁰⁶

Flutt var inn á Laugateig 19 þann 3. nóvember 1985 eftir ýmsar endurbætur á húsnæðinu.¹⁰⁷ Og allar öldur lögði í kringum hið nýja vistheimili Verndar.

Þann 4. maí 1988 var heimilið svo formlega vígt eftir að nauðsynlegum endurbótum var lokið.¹⁰⁸

Mál sem Vernd kom að

Í októbermánuði 1965 var rætt við sóknarprestinn á Eyrarbakka hvort hann gæti tekið að sér sálgaeslu fanga á Litla-Hrauni. Taldi hann þurfa sérstaka tilskipun biskups þar að lútandi.¹⁰⁹ Vernd hreyfði svo við þessu máli í desember sama ár og benti á að þörf væri á að sérstakur prestur, fangelsisprestur, sinnti fongum og fangelsum. Biskupi var ritað bréf og síðan við hann rætt.¹¹⁰ Í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjód sem samþykkt voru á Alþingi 27. apríl 1969¹¹¹ og tóku gildi 1. júlí 1970,¹¹² var komið inn að frumkvæði Verndar ákvæði um sérstakan prest til þjónustu í fangelsum. Þar sem fjárveiting til þessa nýja embættis kom ekki til strax

sterkum tókum.¹¹⁸ Hún greindi svo frá því á aðalfundi í febrúar 1964 að Vernd hefði komið með þá tillögu á fundi með fulltrúa Reykjavíkurborgar að komið yrði upp gístaðstöðu fyrir þá sem heimilislausir voru og sömuleiðis vistheimili og mötuneiti þar sem menn gætu fengið húsaskjól og mat.¹¹⁹ Fulltrúi Verndar sagði frá því í skýrslu sinni árið 1968 að ástand í vistunarmálum áfengissjúkra hefði aldrei verið eins slæmt og þá. Mjög illa hefði gengið að útvega áfengissjúklingum hælsvist og væri greinilega mikill skortur á plássum. Vernd hefði reynt að hlúa að þessum mönnum en hefði takmarkaða getu til þess. Þá virtist Vernd vera eina stofnunin sem lögreglan gæti leitað til með vandræðafólk og þá einkum konur.¹²⁰ Svo rammt kvað að þessu að starfsmaður Verndar taldi að starfsemi samtakanna væri að fjarlægjast hið upphaflega verksvið sitt sem lyti að brotamönnum og væru þau farin að reka vistheimili fyrir húsnæðislausu drykkjusjúklinga. Var þetta meðal annars ástæða fyrir því að hann sagði starfi sínu lausu um mitt ár 1967.¹²¹

Þóra Einarsdóttir sagði að það hefði verið mikill sigur fyrir samtökin þegar Reykjavíkurborg ákvað að taka málefni heimilislausra einstæðinga fyrir.¹²² Borgin skipaði þriggja manna nefnd sem skyldi undirbúa gístaðstöðu fyrir heimilislausra einstæðinga í Reykjavík og átti Þóra sæti í nefndinni. Hinir tveir nefndarmanna voru frá lögreglu og framfærslu Reykjavíkurborgar.¹²³

Það var svo í október 1969 að borgarráð samþykkti að koma á fót til bráðabirgða gistiskýli fyrir útgangsmenn eða áfengissjúka heimilisleysingja í Reykjavík að Þingholtsstræti 25. Gistiskýlið skyldi rekið af Félagsmálastofnun í samvinnu við lögregluna og Vernd. Jafnframt var samþykkt að hafist skyldi handa um að stofna gæsluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn að Úlfarsá.¹²⁴ Gistiskýlið var opnað 24. október 1969. Rekstur þess fór vel af stað og að sögn vaktmanns í skýlinu fylgdu mennirnir öllum húsreglum. Þeir þurftu að fara í bað áður en þeir gengju til náða og þá væru fót þeirra þvegin. Þegar kalt væri í veðri fengu þeir heitt kakó og graut áður en þeir færu út á morgnana. Þá var haft eftir vistmanni í gistiskýlinu að þegar þeir kæmu úr skýlinu tryði ekki nokkur maður að þeir væru rónar því svo vel litu þeir út og væri því erfitt að slá nokkurn mann um pening!¹²⁵ Árið 1970 gistu í skýlinu ellefu menn að meðaltali hverja nótt. Margir sváfu í skýlinu aðeins eina nótt en einn maður gisti þó þar í 257 nætur af þeim 350 sem það var starfrækt það árið.¹²⁶

með lögnum réði Vernd í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið og biskup Íslands, sr. Jón Bjarman sem fulltrúa samtakanna og sem fangelsisprest frá 1. júlí 1970.¹¹³ Hann var ráðinn til reynslu til níu mánaða og ráðning skyldi framlengd um sex mánuði væru samningsaðilar sammála um að hann skyldi starfa áfram Hlutverk prestsins skyldi vera að sinna fongum í fangelsum ríkisins og eftir að fangavist þeirra lyki. Einnig skyldi hann hafa umsjón fyrir hönd samningsaðila með þeim sem væru á skilorði eða ákærufrestun.¹¹⁴ Fyrsta skrifstofa fangaprests var í húsnæði Verndar að Grjótagötu 14b.¹¹⁵ Sr. Jón var síðan ráðinn fangaprestur Þjóðkirkjunnar frá 1. janúar 1971.¹¹⁶ Hann vann þó áfram í nánnum tengslum við Vernd og starfi samtakanna var hann ekki ókunnur.¹¹⁷

Gistiskýlið að Þingholtsstræti 25 og aðkoma Verndar

Þóra Einarsdóttir ræddi meðal annars í grein sem hún skrifaði í Tímarit Verndar 1962 vandamál heimilislausra drykkjumanna. Sagði hún að það væri erfitt að vísa þeim frá heimili Verndar á „dimmum vetrarkvöldum. Taldi hún mikla þörf á því að taka þetta vandamál

Þótt gistiskýlið að Þingholtsstræti linaði vanda heimilislausra einstæðinga þá leituðu þeir engu að síður sem áður til Verndar þó ekki með húsnæði væri heldur með ýmis persónuleg vandamál. Þóra Einarsdóttir taldi þess vegna fulla ástæðu vera til þess að ráða félagsráðgjafa í starf við gistiskýlið.¹²⁷

Fataúthlutun Verndar

Aðstoð við kaup á fötum og fataúthlutun var fastur liður í starfsemi Verndar allt frá upphafi. Margir skjólstæðinga samtakanna voru sem öreigar og áttu ekkert nema fötin sem þeir stóðu í.¹²⁸ Vernd veitti fjárhagslegan stuðning til að kaupa fót.¹²⁹ Lesa mátti í skýrslu framkvæmdastjóra Verndar 1963 að menn kæmu oft fatalitlir úr fangelsunum.¹³⁰ Fataúthlutun Verndar var fyrst til húsa í kjallaranum á Stýrimannastíg 9. Sjálfboðaliðar unnu við flokkun á fötum, hreinsun, viðgerðum og við úthlutunina.¹³¹ Konur sáu um fataúthlutunina að jafnaði. Fataúthlutun Verndar var á ýmsum stöðum í borginni og oft tengd húsnæði Verndar hvort heldur vistheimili eða skrifstofu. Fatnaður var gefinn af ýmsum aðilum og meðal annars gáfu hótél fatnað sem hafði gleymst eða enginn vitjað um.¹³² Einnig gáfu efnalaugar og þvottahús ósottan fatnað.¹³³ - Upp úr aldamótunum 2000 var fataúthlutunin aflögð og skjólstæðingum Verndar bent á Rauða kross Íslands þyrftu þeir á fötum að halda.

Fræðslumál

Fangahjálp Íslands sem Oscar Clausen hafði forystu um að stofna árið 1949 gekkst fyrir því að fongum á Litla-Hrauni var veitt fræðsla árið 1957 frá Bréfaskóla SÍS og voru ýmsar greinar kenndar. Oscar sagði að það hefði komið sér vel því þennan vetur hefði lítil vinna verið á Litla-Hrauni og stunduðu nokkrir fanganna námið vel að hans sögn.¹³⁴

Vernd kom að þessu árið 1965. Samtökin greiddu helming bréfaskólagjaldsins en skólinn gaf hinn helminginn eftir. Fjórir fangar tóku þessu tilboði bréfaskóla SÍS.¹³⁵ Næsta vetur gáfu tíu fangar sig fram og fengu send verkefni. Síðar kom í ljós að enginn þeirra skilaði úrlausnum til skólans. Að auki stundaði einn fangi nám í teiknibréfaskóla í Danmörku og bar Vernd kostnaðinn af því. Það gekk afar vel. Fulltrúi Verndar dró þá ályktun af illu gengi bréfaskóla SÍS og ASÍ á Litla-Hrauni

að fangarnir hefðu ekki andlegt þrek og/eða aðstöðu til að sinna verkefnum sínum. Þess vegna þyrfti skipulegt menntastarf á Litla-Hrauni.¹³⁶ Námið í bréfaskólanum gekk hins vegar skár nokkru síðar eftir því sem segir í skýrslu fulltrúa Verndar til aðalfundar árið 1970. Fimmán fangar tóku þátt í bréfaskólanum veturinn 1969-1970 og gekk námið vel eftir því sem forstöðumenn skólans tjáðu honum.¹³⁷

Bréfaskóli SÍBS og ASÍ var sú félagslega aðstoð Verndar sem nauð hvað mestra vinsælda meðal fanga.¹³⁸

Á vistheimili Verndar á Stýrimannastíg unnu atvinnulausir vistmenn að línu-uppsetningu um skeið og einn veturinn var fönðurkennsla á heimilinu. Kennt var að skera í leður.¹³⁹

Vernd stóð fyrir sýningum frá fræðslukvikmyndum á Litla-Hrauni á sjöunda áratug síðustu aldar. Voru valdar fimmtíu fræðslu- og kennslukvikmyndir sem sem sýndar voru reglulega í „menntunarskyni.“ Dæmi um myndir sem sýndar voru má nefna myndir um fisk og fiskveiðar, meðferð dráttarvéla, öryggi á vinnustað, og mynd um meðferð algengustu handverkfæra. Þá aðstoðaði Vernd fanga við að útvega myndir frá ýmsum erlendum sendiráðum.¹⁴⁰ Töluvert umstang fylgdi þessu fyrir starfsmann Verndar en kvikmyndasýningar þessar lögðust að mestu niður með tilkomu sjónvarps á Litla-Hrauni fyrir jólnin 1967. Hafði Vernd milligöngu um útvegum sjónvarpstækis. Eftir að sjónvarp kom var klefum lokað kl. 11.45.¹⁴¹

Þá lagði Vernd fram ákveðnar tillögur fyrir fangelsisnefnd vinnuhælisins á Litla-Hrauni árið 1972 þar sem því var lýst að hægt væri að ýta úr vör jafnt verklegu sem bóklegu námi í samvinnu við Iðnskólann á Selfossi eða bréfaskólann. Markmiðið var að það nám gæti orðið fongum að gagni að lokinni fangelsisvist.¹⁴² Árið 1974 voru fyrstu skrefin stigin í formlegu skólahlaldi á Litla-Hrauni undir forystu Helga Gunnarssonar, forstjóra vinnuhælisins.¹⁴³

Upphaf sálfræðiþjónustu

Í tímariti Verndar 1963 birtist grein eftir Ásu Jónsdóttur, sálfræðing um mikilvægi sjálfsmats og sjálfstrausts.¹⁴⁴ Þá birtist í tímaritinu árið 1965 þýdd grein um fangelsissálfræðinga og mikilvægi starfs þeirra.¹⁴⁵ Í lögum Verndar var kveðið á um að samtökin skyldu beita sér fyrir

því að ráðinn yrði sálfræðingur til að liðsinna fongum.¹⁴⁶ Í ársskýrslu sem Þóra Einarsdóttir flutti í ársbyrjun 1965 sagði hún að peningaleysi hamlaði starfi samtakanna og þess vegna hefði Vernd í bili lagt til hliðar „öll fallegu loforðin og draumana um sálfræðiþjónustu í fangelsum landsins“ og margt fleira.¹⁴⁷ Þessu stefnumiði var þrátt fyrir þessi orð haldið vakandi og í bréfi til dómsmálaráðherra frá 1966 segir að ekki veiti af að beita öllum tiltækum ráðum til að vinna á móti skaðlegum áhrifum fangavistar eins og með „skipulagðri menntun, hæfilegri vinni, meðferð sálfræðings, reglulegri sálgæzlu og aðstoð í félagsmálum.“¹⁴⁸

Fulltrúi Verndar sagði í ársskýrslu 1966 að það yrðu merkileg tímamót í sögu Verndar þegar greiður aðgangur fengist að sálfræðingi eða geðlækni. Í því sambandi getur hann um að dómsmálaráðuneytið vinni að því að ráða sérfræðing í tauga- og geðsjúkdómafræði til starfa á Litla-Hrauni.¹⁴⁹

Í ráðningarsamningi við sálfræðing sem ráðinn var tímabundið frá 21. maí til 1. september 1973 segir að hann sé ráðinn í fullt starf sem „sérfræðingur við fangelsin og til þess að aðstoða félagasamtökin Vernd við eftirlit þeirra, sem fengið hafa skilorðsbundna náðun og eru undir eftirliti hjá félagasamtökunum.“ Sálfræðingurinn átti samkvæmt samningnum jafnframt að gera athugun á þörf fyrir sálfræðiþjónustu í fangelsunum og skipulagi hennar.¹⁵⁰ Ráðningasamningurinn var þrívægis endurnýjaður og lauk sálfræðingurinn störfum í árslok 1975.¹⁵¹ Sálfræðingur var ráðinn í einn mánuð árið 1977¹⁵² og annar árið 1978 frá júlí til septemberloka.¹⁵³

Þóra Einarsdóttir sagði frá því í útvarps-erindi sem hún flutti af tilefni tuttugu og fimm ára afmæli Verndar árið 1985 að sálfræðingur hefði aðsetur í sama húsi og Vernd. Hann veiti sálfræðilega þjónustu í fangelsum og skjólstæðingum Verndar.¹⁵⁴ Sálfræðingur tók til starfa hjá Fangelsismálastofnun ríkisins þegar hún var komin til sögunnar með lögum nr. 48 19. maí 1988. Nú starfa tveir sálfræðingar hjá stofnuninni.

Skref í átt til félagsráðgjafar

Árið 1969 var ungur maður, Svavar Björnsson, ráðinn sem fulltrúi hjá Vernd.¹⁵⁵ Formaður ritaði bréf til dómsmálaráðuneytisins í júlí 1970 og bað

það að athuga hvort ekki væri unnt að útvega honum námsaðstöðu á vegum Evrópuráðsins á Norðurlöndum, eða í enskumælandi landi, í allhliða félagsráðgjöf þar sem sérgreinin væri endurhæfing afbrotamanna.¹⁵⁶ Dómsmálaráðuneytið og Svavar voru ekki á sama máli um hvernig námi þessu skyldi háttað og slitnaði þráðurinn á milli þeirra.¹⁵⁷ Síðan lauk hann félagsráðgjafanámi í Noregi og skrifaði ritgerð sem byggði á könnun sem hann gerði meðal fanga á Litla-Hrauni.¹⁵⁸

Vernd gerði upp úr 1970 tillögu um að félagsráðgjafi yrði ráðinn að vinnuhælinu á Litla-Hrauni. Hann skyldi fara yfir aðstöðu fanga, vera í sambandi við ættingja þeirra, útvega föngum vinnu og leita að húsnæði fyrir þá ef þörf krefði.¹⁵⁹ Þegar Fangelsismálastofnun ríkisins var sett á laggirnar var ráðinn félagsráðgjafi til starfa og öðrum svo bætt við 1992.¹⁶⁰ Síðar var um tíma enginn félagsráðgjafi starfandi á vegum fangelsiskerfisins og hljóp þá Vernd í skarðið með félagslega þjónustu við fanga og þá sem dvöldu á áfangaheimili samtakanna.¹⁶¹ Nú starfa þar tveir félagsráðgjafar.

Smíðastofan

Í forstöðumannstíð Guðmundar Jóhannssonar á Litla-Hrauni (1961-1966) var



Vernd gaf árið 1967 meðal annars verkfæri og verkfæraskápa til Litla-Hrauns. Á myndinni sem tekin var af þessu tilefni á Litla-Hrauni er fulltrúi Verndar, Páll Gröndal, lengst til vinstri, síðan Markús Einarsson, forstjóri Litla-Hrauns og þá Ólafur Björnsson, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Nokkrum árum síðar gaf Vernd vinnuhælinu vandaðan hefilbekk. Mynd: Jón Hjartarson. Ljósms. Rvíkur.

hafinn undirbúningur að því að koma upp smíðastofu í fangelsinu. Þröngt var um fjárhag Litla-Hrauns og ekki taldar líkur á því að smíðastofan yrði tekin í notkun á næstunni. Stjórn Verndar ákvað að verja fjármunum sem ungtemplarar höfðu aflað og gefið samtökunum, til að hægt væri að ljúka smíðastofnunni. Síðan var hafist handa um útvegum verkfæra og tólf verkfæraskápa. Tvö fyrirtæki gáfu megnið af verkfærunum í skápana. Þá var leitað eftir manni til að veita tilsögn

í smíðum og skyldi hann fá greitt fyrir af þeim fjármunum sem ungtemplarar höfðu gefið.¹⁶² Gjöf þessi var formlega afhent í marsmánuði 1967 og sagði fulltrúi Verndar við það tækifæri að menn vonuðust til þess að fangar gætu unnið að smíðum yfir vetrarmánuðina.¹⁶³ Menn vissu þó að ýmislegt vantaði eins og hefilbekk en þarna var þó kominn visir að iðnaði, var haft eftir fulltrúanum.¹⁶⁴ En áhugi fanganna á smíðum minnkaði og ákveðið var að hafa smíðastofuna lokaða þegar gott var




Úr smíðastofunni á Litla-Hrauni. Verkfæraskáparnir tólf. Mynd: Jón Hákon Magnússon. Ljósms. Þjóðms.

veður en opna þegar veður kom í veg fyrir útvist.¹⁶⁵ Hefilbekkur var svo gefinn þremur árum síðar af Timburversluninni Völundi.¹⁶⁶ Þá gaf Vernd árið 1972 vandaðan rennibekk í tilefni af stækkun Litla-Hrauns.¹⁶⁷

Jólanefnd Verndar

Samtökin höfðu ekki tekið formlega til starfa þá þau héldu sinn fyrsta jólafagnað fyrir einstæðinga og heimilislausa í félagsheimili templara við Garðastræti.¹⁶⁸ Til er nokkuð nákvæm handskrifuð lýsing á þessum fyrsta jólafagnaði Verndar í gestabók sem líklegt er að fyrsti formaður jólanefndarinnar hafi ritað en það var Sigríður J. Magnússon. Boðað var til þessa fagnaðar á aðfangadagskvöld árið 1959. Formaður jólanefndar ávarpaði gestina og bauð þá velkomna. Alls mættu til fagnaðarins 25 karlar og 3 konur. Fleiri höfðu ætlað sér að koma en forfölluðust. Í gestabókinni segir: „Framreiddir voru fullkominir veizluréttir, gosdrykkir, ávextir, sælgæti og tóbak.“ Síðar um kvöldið var drukkið súkkulaði og kaffi. Sagðar voru sögur, kímnisögur og ævintýri, sungið og spjallað. Að því loknu hófst kvöldvaka en nokkrir gestir voru komnir í heimsókn, biskupinn yfir Íslandi, herra Ásmundur Guðmundsson, og flutti hann hugleiðingu, Kristinn Hallsson, óperusöngvari söng ásamt tveimur öðrum



Aðfangadag jóla 1959 var fyrsti jólafagnaður Verndar haldinn í húsnæði Templara við Garðastræti 8. Þetta er gestabók þessa fagnaðar og í henni má lesa fagurlega ritaða og nákvæma lýsingu á jólafagnaðinum auk gestalista. Biskup Íslands, herra Ásmundur Guðmundsson, flutti hugvekju á jólafagnaðinum og Kristinn Hallsson söng ásamt fleirum. Stofndagur Verndar var 19. október en ekki 19. nóvember eins og misritast hefur í gestabókinni.



Jólanefnd Verndar tók til starfa strax árið 1959 áður en formleg starfsemi Verndar hófst. Hanna Johannessen var formaður jólanefndar í rúm fjórutíu ár. Myndin er tekin 18. desember 2008 þegar Hanna pakkaði inn jólagjöfum til fanga í síðasta sinn en hún lést vorið 2009. Hún er til vinstri á myndinni en með henni er samstarfskona hennar til fjölmargra ára, Anna Kristjánsdóttir.

mönnum við pianóundirleik. Sungnir voru jólasálmar og skömmu fyrir miðnætti lauk fagnaðinum með því að fólk var leyst út með gjöfum. Í gestabókinni kemur fram að átta gestir höfðu ekki hússaskjól um jólanóttina og var þeim útveguð gisting á Hjálpræðishernum.¹⁶⁹

Í fyrstu jólanefnd Verndar áttu sæti auk Sigríðar J. Magnússon: Guðmundur Hofdal, Lóa Kristjánsdóttir, Rannveig Ingimundardóttir og Unnur Sigurðardóttir.¹⁷⁰ Þá hefur stór hópur fólks jafnan lagt jólanefndinni lið allt frá upphafi hvort heldur með mataraðdrætti, gjöfum og ýmsum nauðsynjum.

Jólafagnaður Verndar hefur verið haldinn á hverjum jólum frá árinu 1959. Hann hefur farið fram á ýmsum stöðum í borginni og meðal annars á heimili Verndar¹⁷¹ og verið með líku sniði og sá fyrsti sem lýst var hér að framan. Nú síðustu árin hefur jólafagnaðurinn verið haldinn í samstarfi við Hjálpræðisherinn í Reykjavík.

Jólanefndin hefur einnig séð um að gefa fongum jólagjafir.¹⁷²

Hanna Johannessen var lengst allra formaður jólanefndar Verndar og gegndi því starfi allt þar til hún lést vorið 2009. Hún kom til starfa í jólanefndinni árið 1967¹⁷³ og tók við formennsku tveimur árum síðar.¹⁷⁴ Starfaði hún að jólafagnaði Verndar í rúm fjörutíu ár. Lengur hafði hún þó komið að Vernd því hennar nafns er getið í lista jólafnefndar yfir þá sem réttu Vernd hjálparhönd árin 1961 og 1962.¹⁷⁵ Árið 1964 var hún komin sem varamaður í stjórn Verndar.¹⁷⁶ Auk þess að veita jólanefnd forystu um áratugaskeið átti Hanna sæti í aðalstjórn Verndar¹⁷⁷ og þá var hún kosin í framkvæmdastjórn 1984.¹⁷⁸ Hún lét af stjórnarstörfum á aðalfundi 1989 að eigin ósk þar sem sonur hennar hafði verið skipaður fangelsismálastjóri.¹⁷⁹

Súpugjöf, samtalshópar og heilbrigðismál

Vernd hóf í desember 1965 að gefa þeim mönnum sem yfirgáfu Síðumúlafangelsið (áður en það varð gæsluvarðhaldsfangelsi) súpu að morgni dags. Margir nutu góðs af því en smám saman lagðist þessi súpugjöf niður. Varðstjórar töldu að sárafáir notfærðu sér þetta en frá sjónarhóli Verndar var hér um mannúðarmál að ræða.¹⁸⁰ Áður en fangaverðir töku þessa súpugjöf að sér hafði Svava Bernharðsdóttir séð um hana fyrir hönd Verndar.¹⁸¹ Á fundi í húsráði Verndar 29. september 1967 er þetta bókað um súpugjöfina: „Það upplýstist á fundinum, að allmiðlar birgðir, ku vera til, af súputeningum, þar eð súpugjöfin inni í Síðumúla, féll um sjálfa sig, strax í upphafi. Fundurinn samþykkir því, fyrir sitt leyti, að vel mætti reyna, að setja upp nýja súpustöð ... en þó með því skilyrði, að viðkomandi aðilar, súpi ekki seyðið af öðrum mistökum, í staðinn fyrir að súpa súpuna sjálfa.“¹⁸²

Súpugjafirnar voru eina næringin sem menn fengu í Síðumúlafangelsinu þyrftu þeir að vera þar um einhvern tíma. Fulltrúi Verndar sagði í skýrslu sinni 1968 að súpu hefði einnig verið úthlutað á skrifstofu samtakanna þegar kaldast var í veðri.¹⁸³ Þóra sagði frá því í blaðaviðtali árið 1980 að árum saman hefði hún ásamt öðrum ekið um borgina með teppi og súpupott og leitað að útígangsfólki undir bátum og í skúrum.¹⁸⁴

Vernd bærust gjarnan áheit og gjafir sem renna skyldu til bágstaddra. Höfðu samtökin milligöngu um matargjafir til þeirra um tíma og voru útbúnir sérstakir matarmiðar en gegn framvísun þeirra var hægt að fá máltíðir á vissum matsölustöðum.¹⁸⁵

Um tíma gekkst Vernd fyrir svokölluðum samtalshópum (group therapy) á Litla-Hrauni. Undirbúningur að þeim hófst í ársbyrjun 1966.¹⁸⁶ Þetta var að áliti samtakanna „veik tilraun til þess að hefja skipulagða félagsstarfsemi á Litla-Hrauni í formi samtalsfunda.“ Fjórir fundir voru haldnir frá áramótum og fram í mars. Þeir fóru vel fram og virtust skila árangri. Það reyndist ekki gerlegt að halda þeim áfram og treysta eingöngu á áhuga fanganna sjálfra. Segir fulltrúi Verndar að erfitt hafi verið að skipuleggja þá utan fangelsis. Hann klykkir út með að þörf sé á stórátaki á Litla-Hrauni á flestum sviðum „ef staðurinn á að þola dagsins ljós.“¹⁸⁷

Vernd samdi á áttunda tug síðustu aldar við tannlæknadeild Háskóla Íslands um tannlæknaþjónustu við fanga. Þjónustan var ýmist á hálfvirði eða ókeypis. Samningur Verndar var tímabundinn.¹⁸⁸ Vernd ritaði tryggingarráði bréf vegna breytinga á lögum um almannatryggingar og lagði til að litíð yrði á tannviðgerðir fanga sem sjúkkrakostnað og þær greiddar af hinu opinbera.¹⁸⁹

Litla-Hraun var meðal annars notað sem „geðveikrahæli“ að áliti fulltrúa Verndar árið 1973.¹⁹⁰ Málefni geðsjúkra fanga voru því iðulega til umræðu hjá Vernd á áttunda og níunda áratug síðustu aldar.¹⁹¹ Heilbrigðisráðherra gaf formanni það loforð að gerð yrði úttekt á geðheilsu fanga á Litla-Hrauni.¹⁹² Umræðan snerist fyrst og fremst um mál ósakhæfra manna. Í grein eftir sr. Jón Bjarman sem birtist í Morgunblaðinu 1981 kom fram að sex ósakhæfir menn væru í ríkisfangelsunum og hefði einn þeirra verið þar í átta ár. Það kom einnig fram í erindi sem sr. Jón flutti á ráðstefnu Verndar og Geðhjalpar um vistun ósakhæfra manna í fangelsum að vissulega væru þeim gefin lyf en það virtist fremur vera í því skyni að „gera sjúklingana meðfærilega í samfélagi annarra ófrjálsra manna.“¹⁹³ Geðsjúkrahúsin neitðu að sinna þeim þar sem þau gætu ekki boðið upp á þá gæslu sem lög kvæðu á um.¹⁹⁴ Sumir hinna ósakhæfu manna voru sendir á réttargeðdeildir í Svíþjóð. Úrlausn þessara mála fékkst ekki fyrr en réttargeðdeild var sett á laggirnar 7. október árið 1992.¹⁹⁵

Vestfjarðadeild Verndar

Í júnímánuði 1965 barst Vernd höfðingleg gjöf sem var Heimabær í Hnífsdal . Gjöfin var til minningar um hjónin Björgu Jónsdóttur og Valdimar Þorvarðarson. Þau skilyrði voru sett fyrir þessari gjöf að Vernd nýtti sér eignina til hagsbóta fyrir málstað sinn. Vernd var og heimilt að leigja eignina til rekstrar til dæmis unglingaheimilis, barnaheimilis eða elliheimilis. Eignin var ekki með öllu veðbandalaus og var Vernd því jafnframt sett þau skilyrði að samtökin yfirtekiju veðskuldir sem hvíldu á fasteigninni.¹⁹⁶

Boðað var til stofnunar Vestfjarðadeildar Verndar 30. júní 1965 í skátaheimilinu á Ísafirði. Þóra Einarsdóttir formaður Verndar var á fundinum ásamt Sigríði J. Magnússon. Fundurinn kaus sjö manna stjórn sem fara skyldi fyrir Vestfjarðadeildinni. Í máli Þóru á fundinum kom fram að enda þótt gjöfin hefði ýtt á eftir stofnun deildarinnar þá væri höfuðmarkmið deildarinnar að vinna að almennum baráttumálum Verndar. Vernd í Reykjavík væri reiðubúin til að láta rekstur Heimabæjar í hendur hinnar nýstofnuðu deildar. Framlag Ísafjarðarbæjar skyldi og renna til Vestfjarðadeildar.¹⁹⁷

Stjórn Vestfjarðadeildar hélt sinn fyrsta fund strax að loknum stofnfundi. Þar var ákveðið að fara næsta dag og skoða hina nýju eign.¹⁹⁸ Síðar kom fram galli í raflögn til útihúss¹⁹⁹ og að sögn formanns Vestfjarðadeildarinnar, Hafsteins O. Hannessonar, á fundi í deildinni 16. janúar 1966, kæmi alltaf betur í ljós að margt þyrfti að endurbæta og myndi það kosta mikið fé. Kaupa þyrfti ýmis áhöld eins og í eldhús. Þá væri útséð með að rekið yrði elliheimili í Heimabæ þar sem bæjarstjórn Ísafjarðar væri búin að ákveða að byggja elliheimili. Síðan færir ritari þetta í fundargerð úr máli formanns Vestfjarðadeildar: „Sagðist hann álíta að hugsjónamenn, sem hefðu mætt á stofnfundinum yrðu að koma með fætur við jörðu og horfast í augu við staðreyndir. Betra væri að standa upp og detta og viðurkenna fallið og afhenda Vernd í Reykjavík eignina til ráðstöfunar en stinga höfðinu í sandinn og láta allt drasla viðvíkjandi eignunum, skuldir hlaðast upp o.s.frv. Það yrði nú að taka ákvörðun til eða frá ...“ Síðan samþykkti fundurinn að Vernd tæki eignirnar tafarlaust yfir til ráðstöfunar. Vestfjarðadeildin lýsti sig jafnframt reiðubúna til að aðstoða Vernd í Reykjavík með reksturinn eftir því sem hún hefði afl til.²⁰⁰

Sár vonbrigði

Þóra Einarsdóttir sat stjórnarfund hjá Vestfjarðadeildinni þann 19. apríl 1966. Kom fram í máli hennar að annar gefendanna hefði sett Vernd úrslitakosti um að hefja starfsemi strax í Heimabæ ella verða af eigninni. Rætt var um að koma á fót barnaheimili í Heimabæ. Segir jafnframt í fundargerð þessa fundar að ef barnaheimilið komist á laggirnar megi telja fullvíst að fullt afsal fyrir eigninni verði látið í té.²⁰¹ Meira var ekki bókað í þessa fundargerðabók Vestfjarðadeildarinnar og ekki ljóst hver urðu afdrif deildarinnar. Vernd varð skömmu síðar að skila eigninni aftur til gefenda vegna þess að samtökin höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa straum af endurbótum á húsakynnum. Í minningum sínum segir Þóra Einarsdóttir að þessi málalok hafi verið henni sár vonbrigði.²⁰²

Spenna á milli Fangahjálpar Íslands og Verndar

Á framhaldsstofnfundi Verndar 19. október 1959 var Oscari Clausen þakkað fyrir brautryðjendastarf í fangahjálpar og kosinn í varastjórn Verndar. Þóra Einarsdóttir sagði í æviminningum sínum að erfitt hefði verið að samræma starf hinna nýstofnuðu samtaka og fangahjálpar Oscars Clausen. Oscar hefði starfað við Fangahjálpar Íslands allt til dauðadags.²⁰³

Sama ár og Vernd tók til starfa ritaði Þóra Einarsdóttir grein í blað Kvenréttinda-sambands Íslands, 19. júní. Þar sagði hún Oscar Clausen hafa unnið „stórmerkt brautryðjendastarf.“ Hún drap á eftirlit Oscars með þeim sem höfðu fengið ákæru-frestun og sagði að það yrði meðal annars verkefni Verndar að taka að sér þetta „eftirlit í samráði við hann.“²⁰⁴ Hún taldi eins og að framan greindi að það væri ekki nóg að einn maður starfaði við þennan þátt fangahjálpar.²⁰⁵

Fjármálaráðuneytið taldi hyggilegast árið 1960 að Fangahjálpar Íslands og Vernd sameinuðust og það dómsmálaráðuneytið um að tekið yrði til athugunar „að sameina störf þessara samtaka og þeirrar fanga-hjálpar, er styrks hefur notið undanfarin ár í fjárlögum, svo eigi þurfi að vera nema ein fjárveiting á fjárlögum í þessu skyni.“²⁰⁶ Ekkert varð af þessari sameiningu.



Oscar Clausen (1887-1980) hafði forgöngu um stofnun Fangahjálpar Íslands árið 1949. Hann starfaði við fangahjálpar allt til dauðadags. Hann sat um tíma í varastjórn Verndar en lítið samstarf var á milli Verndar og Fangahjálpar Íslands.

Stjórn Verndar sendi bréf til dómsmálaráðherra 7. nóvember 1960 þegar Vernd hafði fengið húsnæði að Stýrimanna-stíg 9 og aðstoða samtakanna fyrir vikið orðið stórum betri. Í bréfinu segir meðal annars: „Það eru því tilmæli okkar, að þér, herra dómsmálaráðherra, látið setja einhverja þá, sem fá munu ákæru-frestun eða skilorðsbundinn dóm í framtíðinni, undir eftirlit Verndar.“²⁰⁷ Hér var beðið um verkefni sem höfðu verið á könnu Fangahjálpar Íslands.

Í viðtali við fulltrúa Verndar, sem birtist í Alþýðublaðinu 26. apríl 1966 kemur fram að ekki hafi orðið af „samruna eða samstarfi“ milli starfsemi Oscars Clausen og Verndar. Segir fulltrúinn að nú sé um hreina verkaskiptingu að ræða: „Clausen starfar að eftirliti ungra manna sem ekki eru djúpt sokknir, en Vernd leitast við að bæta þá, sem eru enn verr á vegi staddir.“²⁰⁸

Ekki er ólíklegt að Oscari hafi fundist sem Vernd væri að fara inn á hans svið enda fer fáum sögum um samskipti hans og Verndar. Aldrei minntist hann einu orði á starfsemi Verndar í þeim blaðaviðtölum sem tekin voru við hann.²⁰⁹

Þegar Skilorðseftirlit ríkisins tók til starfa 1. desember 1974 var sett reglugerð um starfsemina. Í henni var ákvæði til bráðabirgða um að eftirlit félagasamtakanna Verndar með mönnum sem hlotið höfðu skilorðsbundna náðun skyldi flytjast til eftirlitsins. Sömuleiðis stóð í reglugerðinni: „Eftirlit, sem öðrum

aðilum hefur verið falið, er stofnuninni heimilt að taka við, eftir því sem þeir aðilar óska.“²¹⁰ Hér er kveðið skýrt á um að eftirlit skuli úr höndum Verndar en nafn Oscars Clausen kemur óneitanlega upp í hugann þar sem minnst er á „aðra aðila“ og virðist framsal á eftirliti þeirra vera háð vilja viðkomandi. Hafa skal reyndar í huga að Oscar var þetta ár 86 ára gamall og líklegt að hann lyki brátt störfum.

Skipulag á starfsemi Verndar

Að stofni til eru lög Verndar óbreytt frá 1959. Þau voru ákveðinn rammi utan um skipulag samtakanna og hefur sjaldan verið breytt.

Árið 1964 var ákveðið að kosin yrði þriggja manna framkvæmdastjórn Verndar innan stjórnarinnar svo auðveldara yrði að afgreiða dagleg viðfangsefni. Fyrstu framkvæmdastjórnina skipuðu þau Leifur Sveinsson, Lára Sigurbjörnsdóttir og Þóra Einarsdóttir. Kom framkvæmdastjórnin vikulega saman.²¹¹

Árið 1980 var lögum Verndar breytt svo að kosin var 39 manna aðalstjórn og fulltrúi dómsmálaráðuneytis átti að skipa fertugasta sætið.²¹² Í framkvæmdastjórn voru kjörnir fimm menn og jafnmargir til vara. Hélt þessi skipan svo allt til ársins 1995 en þá var lagaákvæði um þessa fjölmennu aðalstjórn felld út. Stjórn skyldu skipa sjö menn²¹³ eins og fyrstu lög Verndar kváðu á um.²¹⁴

Deilur á aðalfundi 22. september 1988 og eftirmál þeirra

Á aðalfundi Verndar 22. september 1988 kom upp ágreiningur um hverjir hefðu atkvæðisrétt á fundinum. Jóna Gróa Sigurðardóttir, formaður, taldi að strangt til tekið hefðu þeir einir atkvæðisrétt sem greitt hefðu félagsgjald. Sr. Jón Bjarman, fundarstjóri, tilkynnti fundinum það en því var mótmælt. Umræður urðu um málið og lauk svo að Fundarstjóri úrskurðaði að allir þeir sem mættir væru á fundinn hefðu atkvæðisrétt. Þegar umræða fór fram um lagabreytingar var kynnt tillaga um að aðeins þeir sem greitt hefðu félagsgjald viku fyrir aðalfund skyldu hafa atkvæðisrétt á fundi. Deilur hófust og var urgur í hluta

fundarmanna. Þá var gert hlé á fundi og kom framkvæmdastjórn saman til að ræða málin. Eftir hléið var lesin upp bókun framkvæmdastjórnar Verndar þess efnis að þar sem ágreiningur hefði komið upp á fundinum um það hverjir hefðu atkvæðisrétt, þætti framkvæmdastjórn hyggilegast að leita til lögfróðra manna um þennan ágreining. Framkvæmdastjórnin ákvað því að slíta fundi og boða til framhaldsaðalfundar þegar álitid væri fengið. Ritað var í fundargerð að fundarstjóri hefði litið á þetta sem vantraust á sig og sagt af sér um leið og hann lagði fundinn í hendur formanns. Formaður sagði framkvæmdastjórnina hafa staðið einhuga að þessari ákvörðun og sleit fundi.²¹⁵

Formaður gekk af fundi ásamt hópi fólks enda búið að slíta honum. Þau sem eftir voru héldu fundi áfram. Þá var gengið til kosninga og meðal annars var stjórn kjörin. Fjórum mönnum var síðan falið að koma fram fyrir hönd fundarins uns ný framkvæmdastjórn hefði verið kosin. Stjórnarfund skyldi halda rúmunum tveimur vikum síðar.²¹⁶

Tvær stjórnir eða ein?

Daginn eftir óskuðu þeir, sem kjörnir voru á fundi þeim sem framhaldið var eftir að formaður hafði slitið aðalfundi, eftir viðuræðum við Jónu Gróu Sigurðardóttur „til að leita sátta og samstöðu við þann minnihluta sem gekk af fundi ...“ og til þess að „ganga frá sameiginlegri niðurstöðu aðalfundar samtakanna.“²¹⁷ Framkvæmdastjórn vísaði erindi þeirra frá.²¹⁸ Þann 4. október rituðu fjórir menn fyrir hönd þeirra stjórnarmanna sem kosnir voru á fundinum 22. september bréf til formannsins og báðu hana um að boða til stjórnarfundar 10. október. Ef því yrði ekki sinnt myndu bréfritarar sjálfir boða til fundar.²¹⁹ Þetta bréf var svo tekið til afgreiðslu á framkvæmdastjórnarfund 12. október en fundargerð greinir ekki frá því hvernig það var afgreitt.²²⁰ Frá því var sagt í dagblaði að formaðurinn vildi ekki ræða við þetta fólk.²²¹ Því svaraði Jóna Gróa með þeim orðum að það væri ekki í aðalstjórn Verndar og því hefði erindinu verið vísað frá.

Þeir sem kosnir voru til að koma fram fyrir hönd samtakanna á aðalfundinum 22. september boðuðu til aðalstjórnarfundar 17. október.²²³ Á þeim fundi var Guðmundur Jóhannsson kjörinn formaður Verndar og einnig var kosið í aðrar

trúnaðarstöður.²²⁴ Framkvæmdastjórn Verndar lét birta auglýsingu í fjölmiðlum um það að þessi fundur væri Vernd óviðkomandi.²²⁵ Daginn eftir var haft eftir Jónu Gróu Sigurðardóttur í dagblaði að þessir menn væru ekki fulltrúar Verndar enda fundur þeirra ólöglegur samkvæmt lögum samtakanna. Hún væri formaður Verndar.²²⁶ Lögmaður Guðmundar Jóhannssonar og fylgismanna hans sendi skeyti til formanns þar sem þess var krafist að hún afhenti lykla að skrifstofu Verndar og Laugateig 19 fyrir 26. október svo komist yrði hjá „kostnaðarsömum aðgerðum við fógetaaðgerð og málsókn án frekari viðvörunar.“²²⁷

Á fund lögfróðra

Stjórn Verndar sneri sér til Lagastofnunar Háskóla Íslands og óskaði eftir áliti á atkvæðisbærni fundarmanna á aðalfundinum í september.²²⁸ Lagðar voru fram þrjár spurningar: 1. Hvort lögmaet hafi verið sú ákvörðun fundarstjóra á aðalfundinum um að allir þeir sem þar voru hafi haft atkvæðisrétt án tillits til hvort þeir voru félagar í Vernd eða ekki. 2. Hvort lögmaet hafi verið sú ákvörðun formanns í umboði framkvæmdastjórnar að leita álits löglerðra manna um atkvæðisréttinn, og að slíta fundi og boða til framhaldsaðalfundar þegar álitid lægi fyrir. 3. Hvort stjórnin gæti ákveðið með auglýsingu að aðeins þeir sem gerst hefðu félagsmenn viku fyrir aðalfund skyldu hafa atkvæðisrétt í félaginu.²²⁹

Lagastofnun Háskóla Íslands svaraði erindi Verndar þann 18. nóvember 1988. Að mati hennar átti ákvörðun fundarstjóra sér hvorki stoð í samþykktum Verndar né lagareglum sem giltu almennt um félög. Ákvörðun hans var því ólögmaet. Þá var lögmaet sú ákvörðun formanns í umboði framkvæmdastjórnar að slíta fundi og leita álits lögfróðra manna um efnid. Í þriðja lagi gat félagsstjórn með auglýsingu ákveðið að einungis þeir sem gerst hefðu félagsmenn viku fyrir aðalfund haft atkvæðisrétt.²³⁰

Krafist innsetningar en henni hafnað

Guðmundur Jóhannsson fór fram á það við fógetarétt Reykjavíkur 10. nóvember 1988 að hann fyrir hönd Félagasamtakanna Verndar yrði settur með beinni fógetaaðgerð inn í umráð og réttindi samtakanna. Kröfu sína rökstuddi Guðmundur með því

að hann hefði verið kosinn formaður framkvæmdastjórnar Verndar á stjórnarfund 17. nóvember og Jóna Gróa Sigurðardóttir hefði ekki skilað af sér eignum samtakanna til nýrrar og löglegrar stjórnar. Kröfu Guðmundar Jóhannssonar var hafnað af fógeta með þeim rökum að þar sem aðalfundi hefði verið slitið þá hefði þurft að boða að nýju til aðalfundar samkvæmt 4. gr. félagslaga Verndar til að ljúka aðalfundarstörfum. Fógetaréttur taldi að það sem fram hefði farið eftir að fundi var slitið hefði verið Vernd óviðkomandi.²³¹

Fundarstjóri skýrir mál sitt

Fundarstjóri aðalfundarins 22. september, sr. Jón Bjarman, var ekki sátturn við umfjöllun um aðalfundinn. Í Morgunblaðinu 4. október 1988 birtist greinargerð eftir sr. Jón um aðalfundinn. Segir hann úrskurð sinn um að allir fundarmenn skyldu hafa atkvæðisrétt hafa verið byggðan á venju sem skipast hefði í samtökunum.²³² Lagabreyting stjórnar sem borin var upp á fundinum þess efnis að þeir einir hefðu atkvæðisrétt sem greitt hefðu félagsgjald viku fyrir aðalfund²³³ var að hans áliti breyting á aðferð og með henni ekki verið að kveða fastar á um ríkjandi venju. Leit sr. Jón svo á að tillaga framkvæmdastjórnar á fundinum um að slíta skyldi fundi fjallaði um störf hans og valdsvið sem fundarstjóra. Honum hafi því þótt eðlilegt að vikja úr stóli fundarstjóra meðan tillagan væri rædd og óskaði eftir að formaður tæki við fundarstjórninni. En formaður sleit fundi í stað þess að láta umræður fara fram. Sr. Jón taldi að formaður og framkvæmdastjórn hefðu haft vald til þess enda þótt hann væri ekki sammála slitum fundarins á þessari stundu. Síðan hvarf sr. Jón af vettvangi fundarins.²³⁴

Sr. Jón Bjarman brást einnig við áliti Lagastofnunar Háskóla Íslands. Hann var ósáttur við að hvorki stofnunin né framkvæmdastjórnin hefðu leitað eftir rökstuðningi hans fyrir úrskurði hans um atkvæðisbærni manna á fundinum né hirt um fyrrnefnda greinargerð hans um fundinn. Sr. Jón efaðist um fundargerð fundarins þar sem hún var ekki staðfest af fundarstjóra og einnig andmælti hann því að hafa sagt af sér fundarstjórnarstörfum. Hann sagðist hafa vikið sæti sem fundarstjóri og afhent formanni fundarstjórn til þess að fundurinn gæti rætt ágreininginn um úrskurð hans. Ekki véfengdi hann rétt formannsins til að slíta fundi. Deilur fundarins snerust um hverjir hefðu

atvæðisrétt á félagsfundum samtakanna. Ekkert kvað á um það í lögum Verndar um hverjir hefðu þennan rétt. Hins vegar lá fyrir fundinum lagabreytingatillaga um að skilgreina þennan rétt og þrengja hann.²³⁵

Hann ítrekaði túlkun sína á því hverjir hefðu haft atkvæðisrétt en það voru að mati hans allir þeir sem mættir voru á fundinn og höfðu staðfest það með undirskrift sinni sem jafngilti inngöngu í samtökin. Þannig gengju menn meðal annars í félagid og því fylgdi félagsréttur.²³⁶

Hvernig gengu menn í Vernd?

Guðmundur Jóhannsson, sem leit á sig sem formann Verndar,²³⁷ brást einnig við úrskurði Lagastofnunar Háskóla Íslands. Upplýsingar um með hvaða hætti menn gangi í félagasamtökin Vernd hafi að mati hans skekkst niðurstöðu lögfræðinganna vegna þess að þær séu aðeins hálfur sannleikurinn. Innganga nýrra félagsmanna hafi farið fram með tvennum hætti. Annars vegar hafi menn komið á skrifstofu samtakanna og óskað inngöngu í Vernd. Hins vegar hafi fólk mætt á aðalfund og ritað þar nafn sitt. Segist hann geta bent á marga sem hafi gengið í félagid með seinni hættinum. Lagabreytingar sem kröfðust þess að menn hefðu greitt félagsgjald fyrir aðalfund lágu fyrir fundinum. Þær tækju ekki gildi fyrr en búið væri að ræða þær og samþykkja. Hann segir Jónu Gróu Sigurðardóttur vera allsráðandi í samtökunum og það sé óvenjuleg þróun að hún sé hvort tveggja í senn formaður og framkvæmdastjóri.²³⁸ Því hafði reyndar verið mótmælt áður að formaður væri jafnframt framkvæmdastjóri samtakanna og tillaga um að hafa ekki þann hátt á hjá Vernd flutt á aðalstjórnarfund 1982 en hún var felld.²³⁹ Árið 2000 var lögum Verndar breytt svo að ef stjórnarmaður væri ráðinn framkvæmdastjóri Verndar skyldi hann vikja sæti og varamaður hans koma í hans stað.²⁴⁰

Ókyrrð í kringum Vernd

Í kjölfar aðalfundarins 22. september 1988 bar á nokkurri ókyrrð í kringum starfsemi Verndar. Trúnaðarráð fanga á Litla-Hrauni sendi Vernd ályktun um málefni Verndar þar sem mótmælt var hvers kyns „sýndarmennsku“ í fangahjálp. Forsvarsmenn Verndar voru hvattir til að



Núverandi áfangaheimili Verndar að Laugateig 19. Húsið var keypt árið 1985. Nokkurs óróa gætti í Teigahverfi þegar Vernd keypti húsið en hann fjaraði út.

fara að lögum samtakanna og formaður og framkvæmdastjórn talin vera umboðslaus eftir aðalfundinn 22. september. Segir í bréfi frá 8. nóvember sem fylgdi ályktuninni að 48 fangar hafi ritað undir hana. Á bréfinu og ályktuninni er stimpill: „Trúnaðarráð vistmanna á Litla-Hrauni.“²⁴¹ Framkvæmdastjórn Verndar vakti athygli á því að bréfið var óundirskrifað og því fylgdi ekki listi yfir þá sem áttu að hafa undirritað það.²⁴²

Dómsmálaráðuneytið afturkallaði þann 16. nóvember tímabundið leyfi starfsmanna Verndar til að heimsækja fangelsi landsins vegna þess að óróinn í kringum félagid hefði haft „óæskileg áhrif í fangelsunum.“²⁴³ Leyfið var endurnýjað tæpum mánuði síðar.²⁴⁴

Ófriður á heimili Verndar


Nokkurs óróa varð einnig vart í húsi Verndar að Laugateig 19 eftir aðalfundinn svo annar tveggja eftirlitsmanna hússins treysti sér ekki til að sinna starfi sínu lengur. Sagði hann fjóra menn á vistheimilinu hafa tekið það yfir og beittu þeir aðra vistmenn þrýstingi: „Sumir menn eru að tala um að flýja úr húsinu,“ sagði starfsmaðurinn.

Húsverði heimilinsins á Laugateig 19 var og gert að yfirgefa húsið þar sem hann var talinn eiga þátt í „óeirðunum“ í húsinu ásamt öðrum.²⁴⁵ Húsverðurinn hafði verið kvaddur á fund framkvæmdastjórnar þann 28. september til að „gera grein fyrir

þátttöku heimilismanna“ á aðalfundinum.“²⁴⁶ Ekki kemur fram frá hverju hann skýrði né heldur er neitt bókað um uppsögn hans. Hann sagði í blaðaviðtali 30. september að hann hefði tekið eins marga menn af heimilinu með sér á aðalfundinn og hann gat þar sem fjallað hefði verið um málefni „þessara stráka á fundum Verndar.“²⁴⁷ Hins vegar er hann skráður tveimur dögum eftir framkvæmdastjórnarfundinn í fundargerðabók húsnefndar Verndar sem húsvörður á vistheimilinu að Laugateig 19. Á þeim húsnefndarfund 1982 kemur fram að vegna samstarfsörðugleika hafi aðstoðarhúsverðurinn ákveðið að segja starfi sínu lausu. Húsverðurinn stingur upp á nýjum manni og hyggst húsnefndin athuga nánar „ástæður áður en gengið er frá nýrri ráðningu.“²⁴⁸ Húsverðinum var sagt upp störfum frá og með 4. október.²⁴⁹ Hann hafði sinnt húsvörslunni í rúmt ár.²⁵⁰

Á næsta fundi húsnefndar Laugateigs 19 sem haldinn var 7. október er svo getið um að ráðinn hafi verið ráðgjafi, Ingibjörg Björnsdóttir, til að hafa yfirstjórn með heimilinu í samvinnu við framkvæmdastjórn.²⁵¹ Húsverðurinn sem var, er svo skráður „atvinnulaus“ heimilismaður að Laugateig 19 tveimur vikum síðar.²⁵²

Einum heimilismanna var vikið af vistheimili Verndar þann 28. október vegna þess að hvorki gekk né rak að koma honum til vinnu. Honum var útvegað húsnæði í gistiskýlinu í Þingholtsstræti 25 um hríð. Samþykkti hann það sjálfur eftir því sem segir í fundargerðabók



Skjólstæðingur Verndar í klefa sínum að Litla-Hrauni. Klefar í fangahúsinu sem tekið var í notkun árið 1929 voru litlir og stundum kallaðir skápar. Þegar gestir fengu að heimsækja fanga í klefana var sagt að kæmu tveir gestir í heimsókn þyrfti fanginn að fara út úr klefanum. Fangar eru ekki lengur hýstir í þessu húsi. Ljósms. Rvíkur.

húsnefndar heimilisins. En síðan skipti hann um skoðun og naut stuðnings þriggja heimilismanna. Einn þeirra var fyrrum tittnefndur húsvörður heimilisins. Þeir ásamt hinum burtvísaða höfðu boðað fjölmiðlafólk á staðinn og „ríkti hernaðarástand í húsinu.“ Nokkrir húsnefndarmenn voru á staðnum ásamt formanni Verndar. Þau mátu ástandið svo alvarlegt að ákveðið var að kalla til lögreglu.²⁵³ Starfsmaður Verndar sem ráðinn hafði verið af dómsmálaráðuneytinu og Vernd 1982 til að sjá um ýmis mál fanga,²⁵⁴ Björn Einarsson, sagðist hafa heyrt af þessu í útvarpinu og kom hann því á staðinn²⁵⁵ ásamt öðrum manni. Húsnefnd leit svo á að Björn hefði ógnað þeim og yfirgáfu þeir því húsið þar sem við ekkert var ráðið. Fleiri óviðkomandi menn bættust

í hópinn og var haft eftir eftirlitsmanni með húsinu að honum hefði verið hótáð að hann fengi að finna fyrir því ef þessum mönnum yrði vikið úr húsi. Málinu lauk svo að skjólstæðingurinn sem vísað var úr húsinu fór þennan sama dag í meðferð á Vog. Mönnunum þremur sem höfðu stutt hann var vísað úr húsi þennan sama dag.²⁵⁶ Húsvörðurinn fyrrverandi var einn þessara þriggja manna en dvaldi þó í húsinu fram í miðjan desember.²⁵⁷

Þegar uppsögn húsvardarins var rædd á framkvæmdastjórnarfundum 4. janúar 1989 kom fram formleg ástæða uppsagnar hans. Þar er bókað að hann hafi gerst brotlegur í starfi, brotið húsneglar heimilisins sem hann sjálfur átti að sjá um að væri framfylgt af öllum vistmönnum og þar með

talið honum sjálfum. Þá segir að hann hafi tekið þátt í „samsæri“ heimilismanna og vísað er til bókunar húsnefndar 28. október árið áður²⁵⁸ og getið var hér að framan.

Framhaldsaðalfundur með ró og spekt

Jóna Gróa Sigurðardóttir, formaður Verndar, flutti vensu samkvæmt skýrslu sína á framhaldsaðalfundi þann 8. desember 1988. Þar kemur meðal annars fram álit hennar á þeim atburðum sem urðu í kjölfar tittnefnds aðalfundar. Hún lítur á þá stjórn sem kosin var á fundinum eftir að hún sleit honum sem „samsærisstjórn.“ Segir hún að fulltrúar þessarar stjórnar hafi farið inn á heimili Verndar og valdið þar usla og eins sett á svið „ýmsar uppákomur og blöðin fengin til að birta fréttirnar. Var greinilega hér um samsæri að ræða.“ Sagði hún 40 manna aðalstjórn Verndar hafa staðið saman í þessari orrahrið utan tveggja manna. Framkvæmdastjórn og varaframkvæmdastjórn hefðu einnig verið einhuga um hvernig taka skyldi á málum. Þá hefði verið samstaða um það að taka eins lítinn þátt í „fjölmiðlafárinu“ og kostur var.²⁵⁹

Á aðalfundinum 8. desember voru lagabreytingar samþykktar og þar á meðal um hverjir hefðu atkvæðisrétt á aðalfundi en svo segir í 4. gr.: „Rétt til setu á aðalfundi hafa þeir sem hafa verið aðilar að samtökunum í a.m.k. eina viku þegar aðalfundur er haldinn og hafa greitt félagsgjald fyrir liðið starfsár.“²⁶⁰ Þennan aðalfund sóttu 118 manns og ríkti eining um afgreiðslu mála á fundinum að sögn formannsins.²⁶¹ Jóna Gróa Sigurðardóttir var svo endurkjörin formaður á framkvæmdastjórnarfundum sem haldinn var strax að loknum framhaldsaðalfundi.²⁶²

Kyrrð færast yfir og starfið heldur áfram

Starf Verndar efir orrahrið haustsins hófst á nýju ári með því að gengið var frá formlegu uppsagnarbréfi til húsvardarins.²⁶³ Í febrúarmánuði 1989 kom bréf til Verndar frá trúnaðarráði fanga á Litla-Hrauni. Efni þess var annars vegar að biðja um aðstoð til að fangar gætu stýtt sér stundir þar eystra og jafnframt að óska eftir góðum samskiptum við Vernd „þrátt fyrir að ýmis leiðinda misskilningur hafi komist á hjá fyrrverandi trúnaðarráði.“

Ákvað framkvæmdastjórnin að gefa föngum fjögur töfl. Ráðgjafi heimilisins að Laugateig sagði upp störfum enda hafði hann verið ráðinn tímabundið²⁶⁴ og sömuleiðis flutti húsráðsmaður Verndar út og annar tók við. Þá var lögð fram tillaga í framkvæmdastjórninni um að þeir sem valdið hefðu usla á heimili Verndar yrðu ekki teknir inn nema með samþykki framkvæmdastjórnar. Ekki er getið um það í fundargerð hvort tillagan var samþykkt eða ekki.²⁶⁵

Vernd ekki alltaf sátt við fangelsiskerfið

Vernd hefur oft gagnrýnt fangelsiskerfið og krafist úrbóta. Í september 1966 sendi stjórn samtakanna harðort bréf til dómsmálaráðherra þar sem krafist var margvíslegra úrbóta. Farið var fram á að lausnarmál fanga væru sett í fastar skorður og þess óskað að fangi fengi að vita með nokkurri vissu hvernær hann losnaði og á hvaða skilyrðum. Í þessu sambandi ætti að setja nefnd á laggirnar til að kynna sér meðal annars hagi fangans áður en hann losnaði. Eins ætti fangi á reynslulausn að vera undir eftirliti. Jafnframt fór Vernd fram á að hraðað yrði byggingu innilokunarfangelsis og taldi að flokka ætti fanga eftir aldri og afbrotum því ótækt væri að setja alla á sama stað. Þá var minnt á mikilvægi vinnu og menntunar í fangelsum til að vinna á móti skaðlegum áhrifum fangelsisvistar. Bréfinu lauk á eftirfarandi orðum: „Litla-Hraun er nú og hefur verið lengi gróðrarstía slæmra áhrifa, þjóð vorri og lýðveldi til skaða.“²⁶⁶

Fulltrúi Verndar taldi að dómsmálaráðuneytið hefði lítið sem ekkert mark tekið á tillögum Verndar til úrbóta í fangelsismálum og væri því borin von að samtökin gætu náð árangri í endurskipulagningu fangelsismála. Þess í stað leggðu þau meginþunga sinn í að reka vistheimili fyrir heimilislausa drykkjusjúklinga.²⁶⁷

Ófögur lýsing á Litla-Hrauni

Fulltrúi Verndar skrifaði lýsingu á Litla-Hrauni og birtist hún í Tímariti Verndar 1967. Þar segir meðal annars: „Inn á vinnuhælið að Litla-Hrauni hefur verið dembt ólíklegustu manngerðum. Þar eru drykkjusjúklingar, sem stela sér fyrir brennivíni eða til matar, þar eru stórinnsbrótsþjófar, sem nota tímenn á

hælinu í rólegheitum við að undirbúa ný afrek. Þar eru stundum stórlega geðbillaðir menn og eru dæmi til þess, að ódir menn hafi verið geymdir í svokallaðri cellu vikum saman, af því að ekki var hægt að koma mannum frá hælinu á viðkomandi stað. Þar eru kynferðisafbrotamenn og kynvillingar og þar eru stundum óþekkir barnsfeður, sem reknir hafa verið frá Kviabryggju, og þar koma annað slagid hinir svokölluðu flibbamenn, en það kallast hinir finni afbrotamenn, en þeir dvelja oftast mjög stuttan tíma. Innan um þennan hræigrout eru svo oft tiltölulega meinlausir menn og unglingar. Það er staðreynd, að Litla-Hraun er og hefur verið notað um langt skeið sem geðveikrahæli, drykkjumannahæli, vinnuhæli, fangelsi og að lokum fangageymsla fyrir ölóða Selfyssinga.“²⁶⁸ Svipuð orð viðhafði annar fulltrúi Verndar árið 1973 og lét í ljós von um að með nýju frumvarpi um fangelsismál yrði þessum málum komið í lag.²⁶⁹ Þetta frumvarp var lagt fyrir Alþingi 1972 og fékk Vernd það til umsagnar. Í umsögn sinni lögðu samtökin áherslu á að markmið frelsiskerðingar ætti að fylgja í því „að hefja manninn uppúr foræði sektar og vanmetakenndar, til meðvitundar um eigið manngildi, veita honum aðstoð eða endurhæfingu.“ Þessu markmiði yrði ekki náð með vel hönnuðum og dýrum byggingum sem nefndust fangelsi þó þau væru góðra gjalda verð heldur skipti mestu máli mannuðleg afstaða gagnvart ógæfufólki. Samtökin létu þá skoðun sína í ljós að fækka ætti fangelsum í þeirri mynd sem þau væru og í stað þeirra ætti að koma aukid eftirlit með sakamönnum, fræðsla, þjálfun, vinnuhæli og sjúkrastofnanir fyrir þá sem þeirra þyrftu með.²⁷⁰

Skortur á vinnuáðstöðu á Litla-Hrauni var gagnrýndur af formanni 1972. Þrátt fyrir að Vernd hafi gefið ýmis tæki og tól til fangelsisins þá virtist það ekki ná tilætluðum árangri.²⁷¹ Það var ekki í fyrsta sinn sem léleg vinnuáðstaða var gagnrýnd því í fyrsta Tímariti Verndar árið 1961 kom fram í grein að litil vinna væri á veturna vegna aðstöðuleysis og reyndu sumir fangar sjálfir að bæta úr því, til dæmis með smíðum. Vinnan á sumrin var hins vegar næg enda bú rekið á Litla-Hrauni.²⁷² Sömuleiðis kom fram í Verndarblaðinu árið 1984 að vinna væri alltof litil á Kviabryggju og var fyrirsögn blaðsins: „Aflánað í aðgerðarleysi.“²⁷³

Einstakir stjórnarmenn Verndar rituðu stundum í blað samtakanna og gagnrýndu sitthvað í fangelsiskerfinu. Einn þeirra lét til dæmis þau orð falla í grein að leggja



Vernd hóf úgáfu á málagnu árið 1961, sem nefndist Tímarit Verndar. Þetta er kápumynd fyrsta tímaritsins. Síðan var tímaritið einfaldlega kallað Vernd og nafninu breytt 1995 í Verndarblaðið. Þetta er fertugasti árgangur málagns Verndar. Órlygur Sigurðsson, listmálari, teiknaði kápumynd.

bæri fangelsin niður í þeirri mynd sem þau væru. Í stað þeirra ættu að koma vinnubúðir í sveitum þar sem unnið væri við landbúnað, fiskvinnslu og léttan iðnað.²⁷⁴ Aðalstjórnarmaður sem sat á Alþingi gagnrýndi árið 1981 fangelsiskerfið og einstaka embættismenn harðlega í umræðu á þingi um tillögu sem fjallaði um að skipa skyldi nefnd til að gera heildarúttekt á stöðu fangelsismála.²⁷⁵ Formaður Verndar, Birgir Þ. Kjartansson, sagði svo í blaðaviðtali árið 1993 að margir fangar væru engu bættari eftir vist á Litla-Hrauni og það sem hefði verið gert þar til að bæta aðstöðuna væri allt í „plástralíki.“²⁷⁶

Tímarit Verndar – Verndarblaðið

Tímarit Verndar (síðar kallað „Vernd“ og frá 1995 „Verndarblaðið“) var málagn samtakanna og kom fyrst út 1961. Forsíða tímaritsins var eins fram til ársins 1980 en hún var hönnuð af Órlygi Sigurðssyni, listmálara.²⁷⁷ Í því birtust skýrslur formanns og framkvæmdastjóra þar sem þeir greindu frá starfinu í stórum dráttum. Annað efni tímaritsins voru og eru greinar sem endurspeglar á vissan hátt stefnumið samtakanna. Höfuðmarkmið þeirra var að koma skjólstæðingum sínum aftur út í lífið og vekja samfélagið til vitundar um vanda

sem þyrfti að leysa með samfélagslegri aðstoð og gæta mannréttinda þeirra. Sumar þessara greina í fyrstu tölublöðum tímaritsins voru eftir þjóðkunna einstaklinga. Þar gat að lesa greinar um áfengisvandann, sjúkratryggingar, hjálp til sjálfshjálpar, endurhæfingu örykja, og fangelsismál. Þegar Tímarit Verndar breyttist yfir í blað var umfjöllun með líku sniði og í upphafi en mun fleiri myndir prýddu það frá því sem áður var. Umfjöllunarefnið snertir sem fyrr málefni fanga og fangelsa og heldur markmiðum Verndar á lofti. Útgáfa tímaritsins og blaðsins gaf jafnan af sér góðar tekjur af auglýsingum og þær standa enn undir útgáfu þess. Þegar best gekk voru gefin út fimm tölublöð á ári eins og árið 1981. Fangar hafa íðulega ritað greinar í blaðið. Þetta blað er fertugasti árgangur Verndarblaðsins – tímarits Verndar.

Samstarf við ýmsa aðila

Það kemur skýrt fram í lögum Verndar að samtökin muni eiga samvinnu við opinber stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til að hjálpa brotafólki.²⁷⁸ Þess vegna átti Vernd samstarf við lögreglu, skattayfirvöld, framfærslufulltrúa Reykjavíkur, sjúkrasamlag, sjúkrastofnanir og áfengismeðferðarstöðvar, barnaverndar-yfirvöld, dómsmálaráðuneyti, Skilorðs-efirlit ríkisins og félagsmálafyrirvöld. Nú er helsti samstarfaðili Verndar um mál brotamanna Fangelsismálastofnun ríkisins. Þá hefur Vernd átt gott samstarf við Hlaðgerðarkot, SÁÁ, Rauða kross Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, og fleiri félög og samtök sem koma að málum bágstaddra.

Áfengi og afbrot

Þóra Einarsdóttir gat þess á aðalfundi árið 1965 að oft væri erfitt að draga markalínu á milli fangahjálpar og aðstoðar við drykkju-sjúka menn. Sannað væri að flest afbrot væru framin undir áhrifum áfengis.²⁷⁹ Vernd leitaði eftir samstarfi við áfengisvarnarstöð heilsuverndarstöðvarinnar og gat vísað skjólstaðingum sínum þangað í meðferð.²⁸⁰ Ljóst var að flestir þeirra sem leituðu eftir aðstoð hjá samtökunum áttu við áfengisvanda að stríða.²⁸¹ Áfengid var „bölvaldur“ í lífi skjólstaðinganna.²⁸² Það var mat Verndar að skortur á sjúkrarýmum fyrir áfengissjúklinga væri greinilega mikill.²⁸³ Vernd lagði fram tillögur um aðgerðir í áfengismálum á ráðstefnu sem haldin var á vegum heilbrigðismálaráðu-

neytisins og Félagsmálastofnunar Reykjavíkur árið 1972.²⁸⁴

Þóra Einarsdóttir ritaði svo: „Ótrúlega fáir Íslendingar þyrftu á fangelsum og frelsisskerðingu að halda ef hægt væri að stemma stigu áfengisflóðsins. Oft hefur starfsemi Verndar ekki verið síður þörf fyrir áfengissjúklinga en afbrotamenn.“²⁸⁵

Vernd hefur því allt frá upphafi átt samstarf við þau sem koma að lausn vanda tengdum áfengi og fíkniefnum. Sömuleiðis hefur Vernd haft samvinnu við AA-samtökin. Vistmenn á áfangaheimili Verndar sækja til dæmis hið minnsta einn AA-fund í viku. Árið 2007 var sú nýbreytni tekin upp að ráðinn var áfengisráðgjafi að heimili Verndar. Ræðir hann við vistmenn heimilisins eftir því sem tilefni gefst til og eftir ábendingum húsnefndar Verndar.²⁸⁶

Endurhæfing

Margoft kemur mikilvægi endurhæfingar fram í skýrslum sem fluttar voru á aðalfundum. Tímarit Verndar birti líka fyrstu árin greinar um endurhæfingu og tryggingamál.²⁸⁷ Starfsmaður Verndar lét þá skoðun sína í ljós 1966 að starfið fælist í tvennu. Annars vegar ölmusugjöfum og því fylgdi að engar kröfur væru gerðar til þess er þáði ölmusuna. Hins vegar væri um að ræða endurhæfingu og í henni fælist að gera skjólstaðinginn virkan þátttakanda í samfélaginu. Vernd ætti að starfa sem mest í anda endurhæfingar en engu að síður að hafa sjónarmið líknarstarfsemi í heiðri.²⁸⁸ Það var enda áhersla Verndar að fongum sem fengu reynslulausn skyldi útvegað sæmilegt húsnæði og atvinna áður en fangavist þeirra lyki. Eitt af því sem gat réttlætt fangavist var að fanganum yrði veitt tækifæri til að byggja sig upp.²⁸⁹ Á vistheimili Verndar áttu menn ekki að dvelja of lengi því það var eins og „stökkpallur“ út í lífið.²⁹⁰ Nú geta menn dvalið allt að einu ári á áfangaheimili Verndar.

Ráðstefnur og fundir

Vernd hefur bæði staðið fyrir ráðstefnum og tekið þátt í þeim sem og fundum sem tengjast baráttumálum samtakanna. Hefur þetta verið gert til að vekja athygli á ýmsum þáttum fangelsismála sem þarf að bæta. Vernd og Geðhjálp gengust fyrir umræðufundi um mál geðsjúkra fanga í mars árið 1981.²⁹¹ Dómsmálaráðuneytið og Vernd

gengust fyrir ráðstefnu í marsmánuði 1984 um félagsleg vandamál afbrotamanna.²⁹² Þá gekkst Vernd fyrir Kvennaráðstefnu árið 1981 og sóttu hana 200 fulltrúar. Fjórátan fulltrúar Verndar kynntu samtökin og baráttumál þeirra²⁹³ en markmiðið með henni var meðal annars að kynna starf Verndar fyrir kvenfélagskonum og konum í áhrifastöðum.²⁹⁴ Tveir þeirra sem fluttu stutt innleg voru fyrrverandi fangar.²⁹⁵ Þótti mönnum ráðstefnan takast vel.²⁹⁶ Þá hélt Vernd málþing í nóvember árið 1995 um málefni ungra afbrotamanna og var það sótt af 35 manns.²⁹⁷ Og ráðstefna Verndar og heilbrigðisráðuneytisins um heilbrigðisþjónustu við fanga var haldin árið 1998.²⁹⁸

Sífelld glíma við fjármál

Í allri sögu Verndar má sjá að samtökin áttu löngum við fjárhagsvanda að stríða. Kvenfélögin voru lengst framan af dyggur bakhjarl og studdu samtökin bæði fjárhagslega og með ýmsum gjöfum. Mörg sveitarfélöganna studdu Vernd og munaði þar mestu um stuðning Reykjavíkur sem hefur ætíð stutt samtökin. Framlag frá hinu opinbera kom snemma til sögunnar og hefur ríkið jafnan lagt fram drýgstan skerf til samtakanna. Þá komu gjarnan framlög frá ýmsum félögum, einstaklingum og fyrirtækjum sem vildu leggja sitt lóð á vogarskálarnar til stuðnings Vernd. Auk féggjafa gaf fólk ýmsa muni eins og húsgögn sem notuð voru á vistheimilum Verndar. Þrátt fyrir þessi framlög var oft þröngt í búi. - Á aðalfundi Verndar í maí 1982 kom fram að miklir fjárhagsörðugleikar blóstu við samtökunum og voru margir stjórnarmenn í persónulegum ábyrgðum fyrir háum fjárhæðum. Þær fjáröflunarleiðir sem höfðu verið í gangi runnu út í sandinn. Stjórnin gekk í það að semja um skuldir og leita eftir fjárhagsstuðningi. Stjórnarmenn gengu á fund ýmissa ráðherra og var vinsamlega tekið. Vernd hafði þrátt fyrir allt tekist að mestu leyti að standa í skilum.²⁹⁹

Tónleikar, jólakort , spilakassar og bónstöð

Fjármálastaðan var oft til umræðu á fundum Verndar en sjálfsafalé samtakanna hefur ekki verið mikið frá upphafi.

Á níunda áratug síðustu aldar voru líflegar umræður í forystusveit Verndar um hvað unnt væri að gera til að styrkja

fjárhagsstöðuna. Ýmsar hugmyndir voru viðraðar og markið var sett hátt og átti ein fjáröflunarhugmyndin að geta gert Vernd að einum „stærstu félagasamtökum landsins.“³⁰⁰ Vernd hugðist selja vandaðar lykklappur sem skráðar væru hjá lögreglu og ef fólk týndi þeim gat hún komið þeim fljótt í réttar hendur.³⁰¹ Ekki komst hugmynd þessi í framkvæmd.

Í byrjun desember 1980 var auglýstur jólakonsert í Háskólabíói. Allur ágóði skyldi renna til Verndar og gáfu tónlistarmennirnir vinnu sína. Hafði svokölluð jólakonsertsnafnd boðið Vernd að styrkja samtökin með þessum hætti.³⁰² Haft var eftir Hilmar Helgasyni, formanni Verndar, að ágóðanum ætti að verja til að kosta endurbætur á heimili fyrir fanga að Ránargötu 10 og nýs heimilis að Skólavörðustíg 13a.³⁰³ Tónleikarnir skiluðu Vernd 44.000 nýkrónum. Tíu árum áður hafði verið haldinn dansleikur til styrktar Vernd. Popphljómsveitirnar Tatarar, Ævintýri og Haukar stóðu að þeim dansleik og rann allur ágóði til Verndar.³⁰⁴

Vernd ákvað að fara af stað með merkjasölu og jólakortautgáfu til að afla fjár.³⁰⁵ Óljóst er hvernig jólakortautgáfunni reiddi af. Á aðalstjórnarfundum í september er prentun jólakortanna sögð í undirbúningi³⁰⁶ og tæpum mánuði síðar er sagt að aðstoð þurfi með prentun þeirra.³⁰⁷ Hins vegar var ekki minnst einu orði á jólakort á vegum Verndar í blaði samtakanna sem kom út fyrir jóln 1981.³⁰⁸

Velunnari Verndar lagði til með skömmum fyrirvara að tónleikar skyldu haldnir 1. maí 1981.³⁰⁹ Áttu tónleikarnir að fara fram í Laugardalshöllinni og kunnir tónlistarmenn að koma fram samkvæmt fréttatilkynningu með dagskrá sem birtist í blaði einu 29. apríl það ár.³¹⁰ Ekkert varð af þessum tónleikum og þeim frestað til næsta vors³¹¹ og er ekki að sjá að þeir hafi farið fram.

Hugmynd kom upp á níunda áratug síðustu aldar hjá fjáröflunarnefnd samtakanna um að setja upp spilakassa. Var leitað umsagnar dómsmálaráðuneytisins um það mál en það virðist hafa lognast út af.³¹²

Einnig spratt upp sú hugmynd að Vernd stofnaði bón- og þvottastöð fyrir bíla.³¹³ Auglýst var eftir húsnæði og tekið fram að húsnæðið þyrfti að geta tekið að minnsta kosti tvo bíla.³¹⁴ Rekstur bón- og þvottastöðvar virðist ekki hafa náð fram að ganga því ekki er minnst frekar á hana í gögnum Verndar.

Formenn Verndar frá upphafi



Sr. Bragi Friðriksson var kosinn formaður bráðabirgðastjórnar Verndar 6. apríl 1959 og gegndi formennsku fram á haustið. Með honum í stjórn voru Þóra Einarsdóttir, Lára Sigurbjörnsdóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir og Benedikt S. Bjarklind.³¹⁵



Þóra Einarsdóttir var kjörin formaður á framhaldsaðalfundi Verndar 19. október 1959 og sr. Bragi Friðriksson, varaformaður. Hann sat í stjórn Verndar til ársins 1964.³¹⁶ Þóra lét af formennsku 2. október 1980.³¹⁷ Hún var kjörin heiðursformaður Verndar á aðalfundi 25. september 1980.



Hilmar Helgason var kjörinn formaður Verndar 2. október árið 1980³¹⁸ og hafði áður verið formaður Samtaka áhugamanna um áfengisvandann (SÁÁ).³¹⁹ Hilmar staldraði stutt við því hann sagði af sér formennsku af heilsufarsástæðum 15. desember 1981³²⁰ og lést rúmum tveimur árum síðar.³²¹



Bjarki Elíasson, varaformaður Verndar tók við sem formaður eftir afsögn Hilmars Helgasonar í desember 1981. Bjarki var formaður fram að næsta aðalfundi. 27. maí 1982. Hann var í stjórn Verndar allt til ársins 1984 og hafði þá komið að starfi samtakanna frá árinu 1962 og var lengst af varaformaður.³²²



Jóna Gróa Sigurðardóttir var kjörin formaður Verndar á aðalstjórnarfundum 2. júní 1982³²³ og á fundi framkvæmdastjórnar viku síðar var Bjarki Elíasson kjörinn varaformaður.³²⁴ Ári síðar varð Brynleifur Steingrímsson varaformaður³²⁵ og árið 1984 Hrafn Pálsson.³²⁶ Jóna Gróa gegndi formennsku til 31. maí 1989.³²⁷ Þegar Jóna Gróa lét af formennsku var hún kjörin heiðursformaður Verndar.³²⁸



Birgir Þ. Kjartansson var kjörinn formaður Verndar 31. maí 1989. Hafði hann áður starfað hjá SÁÁ.³²⁹ Séra Jón Dalbú Hróbjartsson var kjörinn varaformaður. Formaður var jafnframt ráðinn sem framkvæmdastjóri samtakanna.³³⁰ Fimm árum síðar upp á dag lét Birgir af störfum sem formaður og framkvæmdastjóri.



Vilhjálmur Grímsson var ráðinn sem framkvæmdastjóri frá og með 1. júní 1994³³¹ og kosinn formaður Verndar á fundi framkvæmdastjórnar 31. maí 1994 strax að loknum aðalfundi. Varaformaður var kjörinn Axel Kvaran.³³² Vilhjálmur lét af störfum sem formaður og framkvæmdastjóri 1. apríl 2000.



Þráinn Bj. Farestveit var kjörinn formaður á aðalfundi 27. apríl 2000 og sr. Hreinn S. Hákonarson, varaformaður. Frá og með 1. september sama ár var Þráinn ráðinn framkvæmdastjóri Verndar og vék úr stjórn í samræmi við 7. gr. laga Verndar.³³³



Sr. Hreinn S. Hákonarson tók við formennsku 1. september 2000.³³⁴ Sigríður Heiðberg var kjörin varaformaður Verndar á aðalfundi árið 2002.³³⁵



Árin 1981 og 1982 gekkst Vernd fyrir merkjasölu. Hugmyndina að þessu merki átti Ólafur Hauksson, sem sat í aðalstjórn Verndar en merkið teiknaði Kristján Friðrik. Merkjasalan gekk nokkuð vel.

Merki Verndar

Farið var af stað með merkjasölu í nóvember árið 1981 og var öllum sem seldu merkið boðið að sölu lokinni upp á hamborgara og og pepsí á Tomma-borgurum.³³⁶ Árið eftir, 1982, var leitað aðstoðar kvenfélaga landsins við sölu á merki Verndar og voru send til þeirra 13.600 merki af 14.000.³³⁷ Skömmu áður en merkjasalan 1982 fór fram rituðu valinkunnir einstaklingar greinar í Morgunblaðið um málefni fanga og fangelsa. Þá voru haldnir fundir í æskulýðsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar með unglingum. Merkjasalan skilaði dágóðum hagnaði eða kr. 120.000.³³⁸ Merki Verndar 1982 var kringlótt og á því stóð Vernd – fangahjálp. Í miðju þess var hvítleitt egg. Merkið prýddi forsiðu fyrsta tölublaðs Verndarblaðsins 1983.³³⁹ Hugmyndina að merkinu átti Ólafur Hauksson³⁴⁰ en merkið teiknaði Kristján Friðrik³⁴¹

Nýtt merki Verndar kom svo til sögunnar árið 2001 og var það hannað af Guðna R. Björnssyni. Í því má sjá stafinn V, sem stendur fyrir Vernd og milli arma hans er lítill hringur sem táknar mann. Í baksýn eru fjórir rimlar. Undir merkinu stendur svo: Vernd – fangahjálp.³⁴²

Rimlarokk

Vernd var föngum innanhandar um útgáfu hljómplötu árið 1982.³⁴³ Hugmyndina að plötuútgáfu átti fangi nokkur á Litla-Hrauni.³⁴⁴ Þessi hljómplata var gerð til

að vekja athygli á málefnum fanga og héldu fangar sinn fyrsta blaðamannafund á Litla-Hrauni til að kynna plötuna. Þar kom fram að með aðstoð Verndar hefði tekist að koma plötunni út.³⁴⁵ Hljómplatan vakti töluverða athygli og var í því sambandi fjallað um félagasamtökin Vernd. Helgarblað DV skrifaði til dæmis ítarlega um málefni fanga og vistheimili Verndar 30. október þetta ár.³⁴⁶ Fjölmörg kvenfélaga landsins lögðu þessu verki lið fyrir atbeina Verndar með því að selja „Rimlarokksplötuna“³⁴⁷ en svo var hún jafnan kölluð. Hljómsveitin kallaði sig „Fjötra.“ Mest allur ágóði af sölu plötunnar rann til fangahjálpar.³⁴⁸

Landaparís

Árið 1985 var ákveðið að fara af stað með happdrætti og var það kallað „Landaparís,³⁴⁹“ og keypti forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrsta miðann.³⁵⁰ Happdrættið gekk ekki eftir sem skyldi því það skilaði tapi fyrir samtökin og taldi stjórnin hluta af skýringu þess vera þá að um svipað leyti voru fimm happdrætti í gangi.³⁵¹

Safnað fyrir bættri íþróttadæstöðu á Litla-Hrauni

Hermann Gunnarsson og Halldór Einarsson sátu um árabíl í aðalstjórn Verndar og fóru nokkrum sinnum með hópi manna til að spila fótbolta við fanga á Litla-Hrauni. Halldóri þótti íþróttadæstaðan bágborin á Litla-Hrauni og sagði knýjandi að koma

RIMLAROKK hefur brotist út



Vernd studdi fanga við plötuútgáfu árið 1982. Rimlarokksplatan vakti nokkra athygli en hljómsveitina skipuðu fangar á Litla-Hrauni og kallaði hún sig Fjötra.

upp malbikuðum velli við fangelsið.³⁵² Þeir félagar áttu frumkvæði að fjársöfnun til að bæta íþróttadæstöðuna þar eystra.³⁵³ Leikurinn var á milli tveggja liða, Heimavarnarliðsins og Útlendingahersveitarinnar. Í Heimavarnarliðinu voru ýmsir sem voru kunnir fótboltamenn á árum áður.³⁵⁴ Þann 17. júní 1987 fór svo leikurinn fram á Laugardalsvelli og rann ágóðinn af honum til þessa verkefnis. Leikurinn gaf af sér tæpa hálfá milljón króna og var formanni Verndar falið að ræða við tiltekið fyrirtæki um hvort það gæti tekið að sér að ganga frá íþróttadæstöðunni á Litla-Hrauni.³⁵⁵ Stefnt var að því að útbúa handboltavöll og hlaupabraut með það í huga að nota mætti völlinn einnig sem tennis- og körfuboltavöll.³⁵⁶ Síðan voru þeir Halldór og Hermann skipaðir í íþróttaráð Verndar.³⁵⁷

Nýtt skref í fangahjálp

Þann 6. desember árið 1994 var gert samkomulag milli Verndar og Fangelsismálastofnunar ríkisins um vistun fanga á áfangaheimili Verndar. Fangelsismálastofnun gat með stoð í 11. gr. laga nr. 28 frá 19. maí 1988, leyft dómfelldum manni að ljúka afplánun á áfangaheimilinu og yrði gerður skriflegur samningur milli dómþola og stofnunarinnar þar sem skilyrði vistunar kæmu fram sem og afleiðingar samningsrofs. Skilyrðin voru meðal annars þau að fanginn stundaði reglusamt líferni, væri í vinnu eða skóla. Þau sem dæmd höfðu verið fyrir alvarleg brot svo sem manndráp, ofbeldis- og kynferðisbrot var ekki samkvæmt samkomulaginu heimilt að vista á áfangaheimilinu. Vistunartími gat verið frá einum mánuði upp í hálf ár. Vernd skuldbatt sig til að hafa eftirlit með dómþola þann tíma sem hann dvaldi á áfangaheimilinu og gera Fangelsisstofnun viðvart ef hann bryti reglur heimilisins eða skilyrði sem honum voru sett.³⁵⁸ Fangi skyldi sækja um vist á áfangaheimilinu til Fangelsismálastofnunar sem legði síðan umsókn hans fyrir húsnefnd Verndar. Gert var ráð fyrir því að fangi færi í meðferð hjá SÁÁ áður en hann kæmi á áfangaheimilið ef hann ætti við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða. Þá skyldi fanginn greiða sjálfur fyrir vist sína á heimili Verndar.³⁵⁹

Síðar var öllum brotamönnum án tillits til tegundar afbrots heimilt að sækja um vist á Vernd. Stjórn Verndar samþykkti árið 2007 í kjölfar þess að einn vistmanna á heimilli samtakanna, sem dæmdur hafði verið fyrir kynferðisbrot gagnvart börnum, braut af sér, að itrustu fagmennsku og aðgátar



Vernd efndi til fótboltaleikjar á Laugardalsvelli 17. júní 1987 til að safna fé fyrir bættri íþróttadæstöðu á Litla-Hrauni. Forystu um þennan leik höfðu þeir Hermann Gunnarsson (Hemmi Gunn) og Halldór Einarsson (Halldór í Henson). Liðin sem kepptu voru Útlendingahersveitin og Heimavarnarliðið en það síðarnefnda var skipað ýmsum kunnnum knattspyrnumönnum frá fyrri árum, meðal annars Alberti Guðmundssyni, alþingismaðni og síðar ráðherra.

skyldi gætt við afgreiðslu umsókna kynferðis- og ofbeldisbrotamanna.³⁶⁰ Nokkur fjölmiðlaumræða varð um þetta mál.

Samkomulag Fangelsismálastofnunar ríkisins og Verndar var nýlunda í fangelsismálum á Íslandi. (Sjá þó bls. 7). Hægt var farið af stað og tvo fyrstu mánuðina nutu aðeins þrjú dómþolar þessa úrræðis og þá um skamman tíma. Það kom í ljós að þetta úrræði reyndist vel og í lok ársins 1995 hafði 31 fangi átt þess kost á því að búa á áfangaheimili Verndar.³⁶¹ Alls nutu 60 fangar þessa úrræðis ári síðar. Næstu árin var fjöldi fanga í Vernd á bilinu 43-68 til ársins 2003.³⁶² Frá árinu 2004 og til ársloka 2009 hafa 86% fanga á áfangaheimilinu staðist skilyrði þau sem þeim voru sett en alls hafa 802 fangar notið þessa úrræðis frá árinu 1995. Á síðasta ári voru vistaðir 58 fangar á áfangaheimili Verndar.³⁶³

Samkomulag þetta var í samræmi við lög Verndar þar sem kveðið er á um að samtökin muni leitast við í samvinnu við opinber stjórnvöld og fleiri aðila að hjálpa fólki sem brotið hafði gegn refsilöggjöf landsins.³⁶⁴ Þetta samkomulag var síðast endurnýjað árið 2007 og heimild manna til dvalar í lok afplánunar rýmkuð upp í eitt ár og gildir það fyrir langtímafanga.³⁶⁵

Með samkomulaginu var stigið stórt skref í fangahjálp og fengu fangar með því

